

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 84/1971. **Ákærvaldið** (Hallvarður Einvarðsson,
settur saksóknari ríkisins)

gegn

Arinbirni Hjálmarssyni
 Arngrími Geirssyni
 Arnljóti Sigurðssyni
 Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni
 Árna Gíslasyni
 Árna Arngarði Halldórssyni
 Áskeli Jónassyni
 Ásmundi Kristjáni Jónssyni
 Baldvin Kristni Baldvinssyni
 Bóasi Gunnarssyni
 Brynjólfi Steingrímssyni
 Böðvari Jónssyni
 Dagbjarti Sigurðssyni
 Einari Gunnari Þórhallssyni
 Eysteini Arnari Sigurðssyni
 Finnu Kristjánsdóttur
 Friðgeiri Jónssyni
 Friðriki Gylfa Traustasyni
 Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur
 Guðmundi Jónssyni
 Halldóri Árnasyni
 Hauki Hreggviðssyni
 Héðni Sverrissyni
 Hildi Hermóðsdóttur
 Hreiðari Arnórssyni
 Ingólfi Ísfeld Jónassyni
 Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur
 Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur
 Jóni Aðalsteinssyni
 Jóni Benediktssyni
 Jóni Kristjánsyni
 Jóni Péturssyni
 Jóni Árna Sigfússyni
 Jóni Sigtryggssyni
 Jóni Stefánssyni
 Jónasi Sigurgeirssyni

Katli Þórisssyni
 Kristjáni Elfari Yngvasyni
 Matthíasi Kristjánssyni
 Óla Kristjánssyni
 Páli Dagbjartssyni
 Pétri Gauta Péturssyni
 Pétri Steingrímssyni
 Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur
 Sigurði Jónssyni
 Sigurði Karlssyni
 Sigurði Trausta Kristjánssyni
 Sigurgeiri Jónassyni
 Sigurgeiri Péturssyni
 Stefáni Axelssyni
 Stefáni Vigni Skaftasyni
 Stefáni Þórarni Þórarinssyni
 Stefaníu Þorgrímsdóttur
 Steingrími Kristjánssyni
 Svanhildi Björk Jónasdóttur
 Sveini Helgasynt
 Völundi Þorsteini Hermóðssyni
 Yngva Kristjánssyni
 Þorgrími Starra Björgvinssyni
 Þóru Sigurðardóttur
 Þórhalli Bragasyni
 Þóroddi Friðriki Þóroddssyni
 Ævari Kjartanssyni
 Örlygi Arnljótssyni og
 Erni Arnari Haukssyni
 (Sigurður Gizurarson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson
 og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður
 Björnsson yfirsakadómari.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum öllum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ákærðu tóku öll þátt í að rjúfa stíflumannvirki þau í Mið-
 kvísl, sem í málinu greinir, en mannvirki þessi voru eign
 Laxárvirkjunar. Ákærðu unnu verk þetta saman, og var

sprengiefni (dynamit) notað við framkvæmd þess. Hvorki er fram komið í málinu, hver eða hverjir hafi átt frumkvæði að verkinu eða hafi haft forustu um framkvæmd þess og verkstjórn. Þá er heldur eigi í ljós leitt, hver aflaði sprengiefnis þess, sem notað var við stíflurofið.

Verknaður ákærðu, er hér um ræðir, varðar við ákvæði 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákvæði 165. gr. og 176. gr. almennra hegningarlaga eigi hér ekki við.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga, að samkvæmt gögnum máls þess, sem hér er til úrlausnar, voru umrædd mannvirki reist þrátt fyrir andstöðu ýmissa manna, sem af því tilefni höfðu lögvarinna hagsmuna að gæta, og án þess að aflað væri nægilegra heimilda til mannvirkjagerðarinnar. Það gat hins vegar ekki réttlætt atferli ákærðu.

Sakavottorð ákærðu voru lögð fram í héraði. Er ekki ástæða til að rekja efni þeirra. Mörg hinna ákærðu hafa hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr. Refsingar annarra, sem eru sektir nema í einu tilviki, eru ekki þess efnis, að þær hafi áhrif á refsimat í máli þessu.

Samkvæmt sakargögnum verður ekki greint milli hinna einstöku ákærðu við ákvörðun refsingar. Þykir refsing hvers þeirra fyrir sig hæfilega ákveðin kr. 15.000.00 sekt, er renni í ríkissjóð. Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir rétt að fresta framkvæmd refsingar, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Rjúfi einhver hinna ákærðu nefnt skilorð, sæti hann 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Fébótakröfur hafa eigi verið hafðar uppi í málinu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arinbjörn Hjálmarsson, Arngrímur Geirsson, Arnljótur Sigurðsson, Arnþór Haukur Aðalgeirsson, Árni Gíslason, Árni Arngarður Halldórsson, Áskell Jónasson, Ásmundur Kristján Jónsson, Baldvin Kristinn Baldvinsson, Bóas Gunnarsson, Brynjólfur Steingrímsson, Böðvar Jónsson, Dagbjartur Sigurðsson, Einar Gunnar Þórhalls-son, Eysteinn Arnar Sigurðsson, Finna Kristjánsdóttir, Friðgeir Jónsson, Friðrik Gylfi Traustason, Guðmundur Jónsson, Guðfinna Kristín Sigfúsdóttir, Halldór Árnason, Haukur Hreggviðsson, Héðinn Sverrisson, Hildur Hermóðsdóttir, Hreiðar Arnórsson, Ingólfur Ísfeld Jónasson, Ingveldur Ólafía Björnsdóttir, Jóhanna Álfheiður Steingrímisdóttir, Jón Aðalsteinsson, Jón Benediktsson, Jón Kristjánsson, Jón Pétursson, Jón Árni Sigfússon, Jón Sigtryggsson, Jón Stefánsson, Jónas Sigurgeirsson, Ketill Þórisson, Kristján Elfar Ingvarsson, Matthías Kristjánsson, Óli Kristjánsson, Páll Dagbjartsson, Pétur Gauti Pétursson, Pétur Steingrímsson, Sigríður Ragnhildur Hermóðsdóttir, Sigurður Jónsson, Sigurður Karlsson, Sigurður Trausti Kristjánsson, Sigurgeir Jónasson, Sigurgeir Pétursson, Stefán Axelsson, Stefán Vignir Skaftason, Stefán Þórarinn Þórarinsson, Stefanía Þorgrímsdóttir, Steingrímur Kristjánsson, Svanhildur Björk Jónasdóttir, Sveinn Helgason, Völundur Þorsteinn Hermóðsson, Yngvi Kristjánsson, Þorgrímur Starri Björgvinsson, Þóra Sigurðardóttir, Þórhallur Bragason, Þóroddur Friðrik Þóroddsson, Ævar Kjartansson, Örlygur Arnljótsson og Örn Arnar Hauksson, greiði hver um sig kr. 15.000.00 sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingu þeirra og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Rjúfi einhver hinna ákærðu nefnt skilorð, sæti hann 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu 7. júní 1971.

Ár 1971, mánudaginn 7. júní, var í sakadómi Þingeyjarsýslu, sem haldinn var í dómsal sakadóms Reykjavíkur í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni, dómara samkvæmt umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Arinbirni Hjálmarsyni, Arngrími Geirssyni, Arnljóti Sigurðssyni, Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni, Árna Gíslasyni, Árna Arngarði Halldórssyni, Áskeli Jónassyni, Ásmundi Kristjáni Jónssyni, Baldvin Kristni Baldvinssyni, Bóasi Gunnarssyni, Brynjólfi Steingrímssyni, Böðvari Jónssyni, Dagbjarti Sigurðssyni, Einari Gunnari Þórhallssyni, Eysteini Arnari Sigurðssyni, Finnu Kristjánsdóttur, Friðgeiri Jónssyni, Friðriki Gylfa Traustasyni, Guðmundi Jónssyni, Halldóri Árnasyni, Hauki Hreggviðssyni, Héðni Sverrissyni, Hildi Hermóðsdóttur, Hreiðari Arnórssyni, Ingólfi Ísfeld Jónassyni, Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur, Jóhönnu Álfheiði Steingrímisdóttur, Jóni Aðalsteinssyni, Jóni Benediktssyni, Jóni Kristjánssyni, Jóni Péturssyni, Jóni Árna Sigfússyni, Jóni Sigtryggssyni, Jóni Stefánsyni, Jónasi Sigurgeirssyni, Katli Þórisyni, Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur, Kristjáni Elfari Yngvasyni, Matthíasi Kristjánssyni, Óla Kristjánssyni, Páli Dagbjartssyni, Pétri Gauta Péturssyni, Pétri Steingrímssyni, Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur, Sigurði Jónssyni, Sigurði Karlssyni, Sigurði Trausta Kristjánssyni, Sigurgeiri Jónassyni, Sigurgeiri Péturssyni, Stefáni Axelssyni, Stefáni Vigni Skaftasyni, Stefáni Þórarni Þórarinssyni, Stefaníu Þórgrímsdóttur, Steingrími Kristjánssyni, Svanhildi Björk Jónasdóttur, Sveini Helgasyni, Völundi Þorsteini Hermóðssyni, Yngva Kristjánssyni, Þórgrími Starra Björgvinssyni, Þóru Sigurðardóttur, Þórhalli Bragasyni, Þóroddi Friðriki Þóroddssyni, Ævari Kjartanssyni, Örlygi Arnljótssyni og Erni Arnari Haukssyni, en mál þetta var tekið til dóms 25. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 4. desember 1970, gegn eftirtöldum mönnum:

1. Arinbirni Hjálmarssyni bónda, Vagnbrekku í Skútustaðahreppi, fæddum 20. september 1919 að Sveinsströnd,
2. Arngrími Geirssyni kennara, Laugum, Reykdælahreppi, fæddum 29. maí 1937 að Álftagerði,
3. Arnljóti Sigurðssyni bónda, Arnarvatni (III), Skútustaðahreppi, fæddum þar 23. júní 1912,
4. Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni, Grímsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum 13. september 1926 á Akureyri,
5. Árna Gíslasyni bónda, Laxárbakka, Skútustaðahreppi, fæddum 11. maí 1924 á Helluvaði,
6. Árna Arngarði Halldórssyni bónda, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 25. febrúar 1934,
7. Áskeli Jónassyni, Þverá, Laxárdal, Reykdælahreppi, fæddum þar 17. febrúar 1938,
8. Ásmundi Kristjáni Jónssyni bónda, Hofsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum 19. apríl 1936 á Arnarvatni,
9. Baldvin Kristni Baldvinssyni, Rangá, Ljósavatnshreppi, fæddum þar 23. febrúar 1950,
10. Bóasi Gunnarssyni, Stuðlum, Skútustaðahreppi, fæddum 15. desember 1932 að Bakkagerði í Reyðarfirði,
11. Brynjólfi Steingrímssyni húsasmíðanema, Grímsstöðum (IV), Skútustaðahreppi, fæddum 13. maí 1947 á Húsavík,
12. Böðvari Jónssyni bónda á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 1. júlí 1925,
13. Dagbjarti Sigurðssyni, Álftagerði (II), Skútustaðahreppi, fæddum 28. september 1909 í Sandvík,
14. Einari Gunnari Þórhallssyni, Vogum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 2. október 1918,
15. Eysteini Arnari Sigurðssyni bónda, Arnarvatni, Skútustaðahreppi, fæddum þar 6. október 1931,
16. Finnu Kristjánsdóttur, Litluströnd, Skútustaðahreppi, fæddri 6. maí 1916 á Skútustöðum,
17. Friðgeiri Jónssyni bónda, Yztafelli í Ljósavatnshreppi, fæddum þar 28. janúar 1907,
18. Friðriki Gylfa Traustasyni, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddum 1. marz 1949 á Ólafsfirði,
19. Guðmundi Jónssyni bónda, Hofsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 31. október 1937,
20. Halldóri Árnasyni bónda, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 12. júlí 1898,

21. Hauki Hreggviðssyni, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum 9. maí 1948 á Vopnafirði,
22. Héðni Sverrissyni húsasmiði, Víðihlíð, Skútustaðahreppi, fæddum 20. september 1949 á Akureyri,
23. Hildi Hermóðsdóttur, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddri þar 25. júlí 1950,
24. Hreiðari Arnórssyni, Árbót, Aðaldælahreppi, fæddum þar 17. nóvember 1933,
25. Ingólfi Ísfeld Jónassyni, Helluvaði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 3. apríl 1948,
26. Ingvaldi Ólafíu Björnsdóttur húsfreyju, Skútustöðum, fæddri 10. febrúar 1919 á Ósi í Skilmannahreppi,
27. Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur húsfreyju, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddri 20. ágúst 1920 að Nesi,
28. Jóni Aðalsteinssyni bónda, Vindbelg, Skútustaðahreppi, fæddum 27. marz 1926 að Arnarvatni,
29. Jóni Benediktssyni, Auðnum í Reykdælahreppi, fæddum 17. marz 1946 á Birningsstöðum,
30. Jóni Kristjánssyni bónda, Skútustöðum, fæddum 10. desember 1910 í Haganesi,
31. Jóni Péturssyni, Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 16. ágúst 1919,
32. Jóni Árna Sigfússyni, Víkurnesi, Skútustaðahreppi, fæddum 23. október 1929 í Vogum,
33. Jóni Sigtryggssyni bónda, Syðri-Neslöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 17. júlí 1903,
34. Jóni Stefánssyni bónda, Nónbjargi, Skútustaðahreppi, fæddum 19. september 1923 að Geirastöðum,
35. Jónasi Sigurgeirssyni bónda, Helluvaði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 4. desember 1901,
36. Katli Þórisyni bónda, Baldursheimi, Skútustaðahreppi, fæddum þar 9. desember 1920,
37. Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur, Stuðlum, Skútustaðahreppi, fæddri 6. desember 1933 að Öndólfstöðum,
38. Kristjáni Elfari Yngvasyni, Skútustöðum, fæddum 8. febrúar 1947 á Akranesi,
39. Matthíasi Kristjánssyni bónda, Litluströnd, Skútustaðahreppi, fæddum 14. júlí 1924 í Dýjakoti,
40. Óla Kristjánssyni bónda, Skútustöðum, fæddum 16. apríl 1920 í Haganesi,

41. Páli Dagbjartssyni ípróttakennara, Álftagerði, Skútustaðahreppi, fæddum 31. ágúst 1948 á Akureyri,
42. Pétri Gauta Péturssyni, bónda á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 6. september 1914,
43. Pétri Steingrímssyni, Nesi í Aðaldælahreppi, fæddum þar 14. desember 1929,
44. Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddri þar 10. desember 1942,
45. Sigurði Jónssyni, Arnarvatni (I), Skútustaðahreppi, fæddum þar 30. apríl 1949,
46. Sigurði Karlssyni bónda, Núpum í Aðaldælahreppi, fæddum 31. maí 1924 á Knútsstöðum,
47. Sigurði Trausta Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Stöng, Skútustaðahreppi, fæddum þar 2. júlí 1941,
48. Sigurgeiri Jónassyni, Helluvaði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 22. október 1946,
49. Sigurgeiri Péturssyni, bónda á Gautlöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 9. september 1926,
50. Stefáni Axelssyni bónda, Ytri-Neslöndum, Skútustaðahreppi, fæddum þar 28. febrúar 1923,
51. Stefáni Vigni Skaftasyni, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddum 7. júní 1940 í Reykjavík,
52. Stefáni Þórarni Þórarinssyni bónda, Borg, Skútustaðahreppi, fæddum 12. janúar 1927 á Ytri-Neslöndum.
53. Stefaníu Þorgrímsdóttur, Garði, Skútustaðahreppi, fæddri 11. apríl 1950 á Húsavík,
54. Steingrími Kristjánssyni bónda, Litluströnd, Skútustaðahreppi, fæddum 27. nóvember 1917 að Breiðumýri,
55. Svanhildi Björk Jónasdóttur, Vogum (II), Skútustaðahreppi, fæddri 4. júní 1947 á Húsavík,
56. Sveini Helgasyni verkamanni, Grænavatni, Skútustaðahreppi, fæddum þar 5. febrúar 1929,
57. Völundi Þorsteini Hermóðssyni, Árnesi, Aðaldælahreppi, fæddum þar 8. nóvember 1940,
58. Yngva Kristjánssyni bónda, Skútustöðum, fæddum 17. marz 1916 í Haganesi,
59. Þorgrími Starra Björgvinssyni bónda, Garði, Skútustaðahreppi, fæddum þar 2. desember 1919,
60. Þóru Sigurðardóttur, Arnarvatni, Skútustaðahreppi, fæddri þar 16. febrúar 1920,

61. Þórhalli Bragasyni, Landamótsseli, Ljósavatnshreppi, fæddum þar 20. ágúst 1948,
62. Þóroddi Friðriki Þóroddssyni, Eskihlíð 5, Reykjavík, fæddum 28. janúar 1950 í Reykjavík,
63. Ævari Kjartanssyni, Grímstungu, Fjallahreppi, fæddum 26. ágúst 1950 í Reykjavík,
64. Örlygi Arnljótssyni, Arnarvatni, Skútustaðahreppi, fæddum 20. desember 1950 á Húsavík,
65. Erni Arnari Haukssyni, Grímsstöðum, Skútustaðahreppi, fæddum 17. apríl 1946 í Reykjavík.

Sakarefni og dómkröfum er lýst þannig í ákæru:

„Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa valdið miklum spjöllum á vatnsmiðlunarmannvirkjum Laxárvirkjunar við Mývatnsósa að kvöldi þriðjudagsins 25. ágúst 1970 með því að hafa þá í félagi rutt úr vegi stíflu Laxárvirkjunar í Miðkvísl í Laxá og beitt til þess verknaðar, auk handafls og handverkfæra, sprengiefni (dynamiti) og tveimur dráttarvélum með skóflubúnaði. Hafa þegar hlotizt af þessu truflanir á rekstri Laxárvirkjunar, og hætta er talin á verulegum truflunum af þessum sökum.

Þykja ákærðu með fyrrgreindu atferli öll hafa gerzt brotleg samkvæmt 165. gr., 176. gr. og 257. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að hin ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

I. Inngangur.

Laxá í Þingeyjarsýslu fellur úr Mývatni suðvestanverðu. Liggur straumur úr vatninu fyrir Rif (Rifseyri) út að Rifshöfða í Haganeslandi inn á Breiðu, sem svo er nefnd. Vestur úr henni fellur nyrzt kvísl fram hjá býlunum Geirastöðum og Nónbjargi, og er hún kölluð Geirastaðakvísl eða Yztakvísl. Sunnar liggur straumur af Breiðunni gegnum Mjósund og greinist síðan í tvær kvíslar. Önnur þeirra fellur til vesturs, og er hún nefnd Hólskvísl eða Miðkvísl. Í gögnum máls þessa er hún yfirleitt nefnd Miðkvísl, og verður því nafni haldið í dómi þessum, þótt hitt kunni að vera upprunalegra. Miðkvísl sameinast Geirastaðakvísl nokkru vestar, og er eyja sú, sem myndast milli kvíslanna, nefnd Helgey og er í landi Geirastaða. Önnur kvísl fellur fyrst suðaustur frá Mjósundi, en sveigir síðan vestur á við og sameinast hinum kvíslunum skammt frá bæjum að Arnarvatni. Milli hennar og Miðkvíslar er Geldingaey, og er hún í landareign Arnarvatns, þannig að Miðkvísl skilur lönd Geirastaða og Arnarvatns. Eftir

að Laxá hefur myndað einn farveg, rennur hún fyrst til vesturs, en sveigir síðan í norðurátt og fellur norður um Laxárdal og úr honum niður Laxárgljúfur og síðan um Aðaldal út í Skjálfanda. Orkuver hefur verið reist við Brúar í Aðaldal til vinnslu á raforku úr Laxá, en Brúar eru neðan við Laxárgljúfur. Tók það fyrst til starfa árið 1939 og var rekið af Akureyrarbæ sem sjálfstætt fyrirtæki samkvæmt lögum nr. 43/1937. Afköst stöðvarinnar voru aukin 1944, er ný vél var sett niður. Samkvæmt lögum nr. 54/1949, er síðan var breytt með lögum nr. 54/1950, var ríkissjóði heimilað að gerast meðeigandi að Laxárvirkjun. Þá var í undirbúningi aukning virkjunarinnar, er tók til starfa árið 1953. Með lögum um Laxárvirkjun nr. 60/1965 er svo fyrir mælt, að Laxárvirkjun skuli vera sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar og rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi og eiga heimili og varnarþing á Akureyri. Með lögum þessum var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver við Brúar. Stjórn virkjunarinnar lét síðan gera áætlun um gerð nýrra raforkuvera í Laxá. Í áætlun þessari, sem kölluð hefur verið Gljúfurversáætlun, er gert ráð fyrir fjórum áföngum:

1. Sett skyldi niður ein vélasamstæða, er gerð væri fyrir 24 MW við 84 m fall, en orka sú, sem hún gæfi, yrði þó í þessum áfanga einungis 7 MW, þar sem ekki er gert ráð fyrir hækkun vatnsborðs. Vatnsgöng, sem gerð yrðu, skyldu þó miðuð við, að þau gætu síðan tekið við vatni að báðum vélum, ef Suðurá yrði síðar veitt í Laxá. Einnig skyldi sprengt í bergið fyrir fullri stærð vélasalar.

2. Gerð skyldi stífla, er hækkaði vatnsborð Laxár um 21 m, eða upp í 59.5 m, en þá ætti vélasamstæðan að gefa af sér 14.7 MW.

3. Stífla skyldi hækkuð, svo að fallhæð yrði alls 84 m, og mundi vélasamstæðan þá láta í té 24 MW.

4. Sett skyldi niður önnur vélasamstæða, er yki orkuna í samtals 54.6 MW.

Þá var í áætlun þessari að því vikið, að síðar kynni Suðurá, sem nú rennur í Skjálfandaflljót, að verða veitt í Kráká, sem fellur í syðstu útfallskvísl Laxár úr Mývatni. Framkvæmd þessi var annars ekki fólgin í áætluninni, en svo sem áður var sagt, skyldi við gerð vatnsgangna haft í huga, að til slíkra veitumannvirkja kynni að koma síðar.

Atvinnumálaráðuneytið veitti stjórn Laxárvirkjunar leyfi til

framkvæmda samkvæmt fyrsta áfanga áætlunar þessarar, enda var hún innan marka þeirra, er sett voru í lög nr. 60/1965. Í bréfi ráðuneytis segir auk þess:

„Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefur ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Af þeim ráðagerðum um aukningu orkuvinnslu úr Laxá, sem nú hefur verið lýst, hafa risið úfar með stjórn Laxárvirkjunar og annarra stjórnvalda annars vegar og landeigenda á Laxár- og Mývatnssvæðinu hins vegar. Í deilum þessum hefur náttúruverndarsjónarmiðum mjög verið haldið á loft af hálfu landeigenda, en þeir telja mikla hættu á því, að lífríki Laxár og Mývatns mundi stefnt í bráða hættu, ef úr Gljúfurversvirkjun yrði, og þá einkum, ef vatnsborð Laxár yrði hækkað og Laxárdalur neðanverður lagður undir vatn og ef aukið yrði vatnsmagn Laxár með því að veita í hana Suðurá. Er það alkunna, að deilur þessar hafa valdið mikilli ólgu víða um land og þó einkum í Suður-Þingeyjarsýslu. Í máli þessu hefur komið fram, að sú ólga hefur átt nokkurn þátt í því, að til tíðinda þeirra dró, sem mál þetta er risið af. Af þeim sökum hefur þótt nauðsynlegt að geta hér um deilur þær, sem Gljúfurversáætlun hefur valdið, þótt ekki sé ástæða til að rekja þær nánar.

Vegna rennslistruflana, sem fram höfðu komið í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni og truflað höfðu rekstur orkuveranna, hafði stjórn Laxárvirkjunar látið gera stíflur í öllum kvíslunum þremur, fyrst 1946 í Syðstukvísl, síðan á árunum 1953—1960 í Geirastaðakvísl og loks 1960—1961 í Miðkvísl, og var hin síðarnefnda jarðvegsstífla með steinsteypum þéttikjarna og silungsstiga í miðju.

Að kvöldi þriðjudagsins 25. ágúst 1970 bar það til tíðinda, að mikill fjöldi manns kom saman við stíflu þá, sem stjórn Laxárvirkjunar hafði látið gera í Miðkvísl. Hófust menn handa um að rjúfa stífluna og beittu við það handverkfærum, járnkörlum, hökum og skóflum, en auk þess voru notaðar við verkið tvær dráttarvélar með skóflum. Steinveggurinn inni í jarðvegsstíflunni var sprengdur með dynamiti. Lauk svo, að hliðarveggjum stíflunnar var báðum rutt gersamlega úr vegi, svo að eftir stendur

einungis fiskistiginn í miðri kvíslinni. Verkið virðist hafa hafizt um eða nokkru fyrir kl. 2000 og verið að fullu lokið um miðnætti, a. m. k. voru allir þátttakendur horfnir af vettvangi, er lögreglumenn frá Húsavík komu þangað um kl. 0100 um nóttina.

Stjórn Laxárvirkjunar óskaði þess næsta dag, að saksóknari ríkisins efni til rannsóknar út af atburðum þessum, og krafðist saksóknari þess með símskeyti til sýslumannsins í Þingeyjar-sýslu hinn 26. ágúst, að dómsrannsókn yrði hafin án tafar. Hinn 27. ágúst var Steingrímur Gautur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, skipaður til að fara með rannsókn þessa sem umboðsdómari. Rannsóknardómarinn hóf þegar rannsókn sína, og hinn 31. ágúst var fyrst haldið dómþing í málinu. Fóru síðan fram þinghöld fram í miðjan september. Eftir það aflaði rannsóknardómarinn margvíslegra gagna, sem skipt gátu máli við úrlausn málsins, og lauk síðan rannsókninni í þinghaldi 17. október. Rannsóknin var síðan send saksóknara ríkisins, og á grundvelli hennar hefur mál þetta verið höfðað.

Efni dóms þessa þykir rétt að skipa með þessum hætti: Fyrst verður lýst gögnum um það, hvernig stíflunni í Miðkvísl var rutt úr vegi, og þá fyrst og fremst framburðum ákærðu sjálfra (II). Þá er nauðsynlegt að rekja gögn um það, hvernig til stíflugerðarinnar kom á sínum tíma, og um samskipti stjórnar Laxárvirkjunar við landeigendur og aðgerðir stjórnvalda í þessu sambandi (III). Í málinu hefur mjög verið um það rætt, að stíflan hafi hindrað fiskigengd milli Laxár og Mývatns, og verður um það rætt í IV. þætti. Þá verður, einkum vegna ákærunnar um brot gegn 176. gr. almennra hegningarlaga, að víkja að því, hvort brottnám stíflunnar hafi valdið truflunum á rekstri Laxárvirkjunar (V). Frá matsgerð um tjón það, sem varð af stíflurofinu, er skýrt í VI. kafla.

Að lokum verða síðan dregnar ályktanir af því, sem fram hefur komið í málinu, og afstaða tekin til krafna ákærvaldsins á hendur ákærðu (VII).

II. Rof Miðkvíslarstíflu 25. ágúst.

Í upphafi rannsóknar sinnar bærust rannsóknardómaranum fimm samhljóða yfirlýsingar, svohljóðandi:

„Við undirrituð lýsum því hér með yfir, að við vorum stödd við miðkvísl Laxár, þar sem hún rennur úr Mývatni, síðdegis hinn 25. ágúst 1970. Við höfum fregnað, að saksóknari hafi fyrirskipað opinbera réttarrannsókn á atburði þeim, sem þar gerðist. Við vorum þarna stödd í fullu leyfi og samþykki ábúenda land-

svæðis þessa. Stíflumannvirki á þessum stað voru reist án leyfis eigenda og ábúenda landsins. Laxárvirkjunarstjórn hefur aldrei skeytt í neinu mótmælum umráðamanna landsins né heldur boðið fram skaðabætur fyrir átroðslu, landskemmdir né tjón á silungsgöngu. Allt er þetta framferði Laxárvirkjunarstjórnar skýlaust brot gegn friðhelgi eignarréttarins, ákvæðum vatnalaga og ákvæðum um lax- og silungsveiði, sem gerir beitingu neyðarréttar óumflýjanlega. Teljum við undirrituð því fráleitt að fyrirskipa opinbera sakamálarannsókn í máli þessu, en vísun því í þess stað til skipaðra sáttasemjara í deilunni milli Laxárvirkjunarstjórnar og Þingeyinga“.

Undir þessar yfirlýsingar höfðu ritað nöfn sín samtals 88 manns, karlar og konur, meðal þeirra öll þau, sem sótt eru til saka í máli þessu.

Enn fremur bárust rannsóknardómaranum sex samhljóða yfirlýsingar, er hljóða svo:

„Við undirrituð studdum að framkvæmd þess verks, er unnið var við Miðkvísl síðdegis hinn 25. ágúst 1970, og veittum því liðsinni í orði og verki“.

Hafa 113 manns undirritað yfirlýsingar þessar, en enginn þeirra er meðal sakborninga í máli þessu.

Um atburðina við Miðkvísl liggur fyrir í fyrsta lagi framburður hinna ákærðu, sem öll kannast við, að þau hafi verið á vettvangi og tekið þátt í að ryðja stíflunni úr vegi. Verður framburður ákærðu rakinn í aðalatriðum hér á eftir. Þá voru einnig teknar skýrslur af mörgum öðrum, er lögðu lið við niðurbrot stíflunnar, en eigi hafa verið ákærðir. Þá eru til margar myndir, sem séra Örn Friðriksson, sóknarprestur að Skútustöðum, tók, meðan verið var að rjúfa stífluna.

Ekkert hefur komið fram um það, hver átt hafi frumkvæði að verkinu, og halda ákærðu því fram, að það hafi enginn átt öðrum fremur. Ekki er heldur vitað um neinn sérstakan, er annazt hafi verkstjórn. Dráttarvélar þær, sem notaðar voru við verkið, voru frá Hofstöðum og Gautlöndum, en ekki hefur komið fram, hverjir stjórnðu þeim.

Af ummerkjum á staðnum mátti sjá, að sprengiefni hafði verið notað til að sprengja burt þéttikjarnann í stíflunni, og fundust leifar af sprengipráðum. Flestir hinna ákærðu hafa einnig sagt, að þeir hafi vitað til þess, að sprengt hafi verið, en enginn þykist þó hafa komið þar nærri sjálfur.

Rannsókn málsins var mjög beint að því, hvaðan stíflubrjót-

arnir hefðu getað fengið sprengiefnið. Sprengiefni virðist víða hafa verið tiltækt á þessum slóðum. Í Helgey fundust tveir hellar, þar sem sprengiefni hafði verið geymt. Rannsóknardómarinn fór 31. ágúst út í Helgey til þess að kanna geymslur þessar, og um þá för hefur hann bókað í þinghaldi á þessa leið:

„Þegar komið var í hellinn, kom í ljós, að dyraumbúnaður hafði verið settur í hellismunnann og hlaðið upp í opið meðfram dyrunum. Hurð var í dyrunum, læst með hengilás. Meðfram dyrastafnum virtist hleðsla hafa verið rofin. Fór dómarinn inn í hellinn gegnum opið ásamt lögreglumönnum.

Í hellinum fannst burðarkassi, sem virtist hafa verið smíðaður til að geyma í honum og bera hvellhettur til dynamitsprenginga. Kassinn virtist ekki vera smíðaður sem umbúðir utan um hvellhettur eða sprengiefni. Ól er á kassanum til að bera hann framan á sér með ólina um hálsinn. Í kassanum voru 10 hólf. Í 5 hölfum voru hvellhettur með sprengiþráðum og skúm eða hégómi yfir. Í einu hólfu var pakki með hvellhettum og skúm eða hégómi yfir. Í sjöunda hólfinu er ein hvellhetta með sprengiþræði rauðum og hvítum, en hvorki er í því hólfu skúm eða hégómi að marki, svo séð verði. Þrjú hólf eru tóm. Auk þess voru í hellinum 3 tómir, opnir málmkassar undan hvellhettum svo og lítið eitt af asbesti.

Alla þessa muni tók dómarinn í vörzlur sínar.

Í öðrum helli skammt frá fundust leifar af kassa utan af sprengiefni og umbúðapappír utan af sprengiefni, ennfremur dálitlar leifar af efni, sem virtist vera dynamit. Þetta allt tók dómarinn í vörzlur sínar.

Umbúnaður um hellinn var þannig, að dyraumbúnaður var í hellismunna og hlaðið í opið meðfram. Hurð var í dyrunum, læst með hengilás. Tvö op voru á hellinum, og mátti komast inn í hann um þau“.

Einnig komst rannsóknardómarinn á snoðir um það, að sprengiefni mundi vera varðveitt í Geldingaey, og fór hann þangað 5. september. Í skúta skammt frá þeim stað, þar sem stíflan hafði verið, fundust 16 túbur af dynamiti og 10 hvellhettur með hvítum rafþræði. Dynamitið lá á tveimur stöðum í skútanum, og var pappi undir. Það, sem utar lá, virtist hafa legið lengi á þessum stað, þar sem pappinn hafði lagað sig eftir grjótinu, sem undir lá. Um það, sem innar lá, varð ekki ráðið af vegsummerkjum, hve lengi það hafði legið þar. Dynamitið virtist gamalt, og höfðu túburnar rýrnað mjög. Hvellhetturnar voru lítið tærðar,

en spanskgræna var á endum rafþráðanna. Sumt af pappanum var nokkuð fúíð, en síður það, sem innar lá.

Í hellisskúta skammt frá kláfferju við Helluvað fundust leifar af fjórum dynamithleðslum og vaxpappír svo og ryðgaður rafþráður vafinn með taupræði.

Þá kom einnig í ljós, að sprengiefni hafði verið geymt í klakhúsi við Brúar. Sigurður Hallmarsson, lögregluþjónn á Húsavík, fór þangað 31. ágúst. Í ólæstri kompu í klakhúsinu fann hann 16 kassa með dynamiti, hver 25 kg. að þyngd. Að minnsta kosti einn kassinn var upptekinn, og lágu túbúur á við og dreif. Þegar rannsóknardómarinn kom í klakhúsið 2. september, var búið að flytja sprengiefnið brott í sprengiefnisgeymslu, sem Norðurverk h/f, sem annast framkvæmdir við Laxárvirkjun, hefur að Reynistað í Aðaldal. Ekki er vitað til þess, að horfið hafi sprengiefni af birgðum Norðurverks.

Verður svo látið útrætt um sprengiefnið, og er niðurstaðan sú, að ekki er vitað, hvaðan sprengiefni það kom, sem notað var við stífluna í Miðkvísl, né hverjir framkvæmdu þar sprengingar.

Nú verður greint frá framburði hinna ákærðu.

Ákærði Arinbjörn Hjálmarsson kveðst hafa komið á staðinn um kl. 2000 og starfað þar að ýmsu. Hann kveður lengi hafa staðið til að vinna þetta verk, en engir hafi verið sérstakir hvatamenn að verkinu né stjórnað því. Um hvatir sínar til verksins hefur þessi sakborningur vísað til yfirlýsingar þeirrar, sem áður var lýst og hann hefur undirritað.

Ákærði Arngrímur Geirsson kveðst hafa komið á vettvang laust eftir kl. 1930 og hann hafi unnið að því að færa grjót úr stíflunni og beitt járnkarli og oddskóflu. Hann hafi verið að verki fram yfir miðnætti og síðast unnið að því að flytja steinvegg úr farveginum. Hann kveðst ekki hafa haft sprengiefni um hönd og telur sig ekki hafa séð, hverjir það gerðu, né heldur kveðst hann vita hverjir stjórnað hafi dráttarvélunum. Hann kveðst ekki vita til, að verkið hafi verið undirbúið, og ekki hafi neinn fremur en annar haft forgöngu að verkinu né stjórnað því.

Ákærði Arnljótur Sigurðsson telur ekki, að um neinn sérstakan undirbúning undir verk þetta hafi verið að ræða. Menn, sem hitzt hafi við jarðarför hinn 25. ágúst, hafi rætt um að hefjast handa þá um kvöldið, en lengi hafi staðið til að ryðja stíflunni úr vegi. Hafi það, að hafnar voru framkvæmdir við viðbótarvirkjun við Brúar, orðið til þess, að ráðizt var í verkið nú. Arn-

ljótur kveðst hafa tínt nokkra steina úr stíflunni, en ekki unnið að verkinu að öðru leyti. Arnljótur kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og að hún hafi spillt fiskigengd í Miðkvísl, enda hafi silungastiginn reynzt gagnslaus.

Ákærði Arnþór Haukur Aðalgeirsson kveðst hafa komið að því 25. ágúst, að stíflan í Miðkvísl mundi verða rofin þá um kvöldið. Hafi hann komið á staðinn um kl. 2000 um kvöldið og verið þar þar til milli kl. 2300 og 2330 og hafi hann flutt grjót og mokað mól úr stíflunni. Hann kveðst hafa heyrt tvær sprengingar. Um ástæður til þátttöku sinnar í verkinu vísar hann til yfirlýsingar sinnar.

Ákærði Árni Gíslason segir lengi hafa verið um það rætt, að nema þyrfti stífluna brott, þar sem hún hindraði silungsgengd milli ár og vatns. Hann kveðst hafa frétt 25. ágúst, að uppi væru ráðagerðir um að rjúfa stífluna, og hafi hann þá ákveðið að taka þátt í verkinu og farið að Miðkvísl milli kl. 2330 og 2400 um kvöldið. Ekki kveðst hann þó hafa komið að verkinu sjálfu, þar sem margir menn hafi verið að verki. Árni kveðst hafa heyrt eina sprengingu, en ekki telur hann sig fremur en aðrir vita, hver unnið hafi að sprengingunni. Árni telur, að stíflan hafi verið reist án leyfis landeigenda, þar á meðal hans sjálfs, og það hafi komið æ betur í ljós eftir því sem lengra leið, að stíflan hafi valdið tjóni.

Ákærði Árni Arngarður Halldórsson kveðst ekki hafa átt þátt í að undirbúa verkið, en frétt um, hvað til staði, degi fyrr eða svo, og komið á vettvang um kl. 2000 og unnið við að færa grjót úr stíflunni. Hann hafi farið brott um kl. 2330. Hann kveðst hafa séð trékassa með sprengiefni í og heyrt sprengingar, en ekki kveðst hann vita, hvernig sprengiefninu var komið fyrir. Um ástæður til þátttöku sinnar vísar hann til yfirlýsingar þeirrar, sem lýst hefur verið.

Ákærði Áskell Jónasson kveðst hafa komið á vettvang um kl. 2000 og unnið við að tína grjót, en annan þátt hafi hann ekki átt í rofi stíflunnar. Hann kveðst hafa heyrt sprengingar. Áskell kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og að hún spillti veiði.

Ákærði Ásmundur Kristján Jónsson kveðst hafa komið á staðinn um kl. 1900 á dráttarvél sinni. Hann kannast við, að hann hafi tekið þátt í verkinu, en hefur ekki lýst því nánar, með hverjum hætti hann gerði það. Hann hefur neitað að svara því, hver stjórnað hafi dráttarvélinni, en „kveður ekki leynd sér, að notaðar hafi verið dráttarvélar við verkið“. Ásmundur Kristján kveðst ekki hafa haft hönd á sprengiefni. Hann telur engan undirbúning

hafa verið að verki þessu og enginn sérstakur hafi stjórnað því, en þó segir hann, að verkið hafi lengi staðið til.

Ákærði Baldvin Kristinn Baldvinsson kveðst hafa frétt á skotspónum hinn 24. ágúst, að ætlunin væri að eyðileggja stífluna, og hann hafi komið að Miðkvísl um kl. 2200 hinn 25. ágúst og unnið lítið eitt að því að moka jarðvegi úr stíflunni. Hann kveðst hafa heyrt sprengingar, en ekki séð sprengiefni. Hann kveður þær hvatir hafa legið bak við þátttöku hans í verki þessu, að hann hafi viljað styrkja landeigendur gegn Laxárvirkjun.

Ákærði Bóas Gunnarsson kveðst hafa frétt það, er hann kom frá vinnu sinni 25. ágúst, að fyrirhugað væri að rjúfa Miðkvíslarstíflu þá um kvöldið. Hann kveðst hafa komið að stíflunni um kl. 2000 og fært nokkra steina, en farið burt laust eftir kl. 2200. Hann kveðst ekki hafa heyrt sprengingar né séð sprengiefni. Hann kveðst einkum hafa komið á staðinn fyrir forvitni sakir og hann hafi ekki hagsmuna að gæta í sambandi við miðlunarmannvirkin.

Ákærði Brynjólfur Steingrímsson kveðst hafa frétt um, að ákveðið væri að rjúfa stífluna um kl. 1930 hinn 25. ágúst og þá haldið strax á vettvang og unnið við að fjarlægja grjót og mól úr stíflunni. Hann kveður einhverjar sprengingar hafa átt sér stað, áður en hann hélt á braut.

Ákærði Böðvar Jónsson kveðst hafa komið á snoðir um það við erfisdrykkju í Skjólbrekku 25. ágúst, að í ráði væri að eyðileggja stífluna um kvöldið, og hafi ekki verið farið leynt með það. Ekki getur hann sagt, að neinn hafi haft á hendi forustu að verki þessu né stjórnað því. Hann kveðst hafa haldið á vettvang búinn haka og skóflu og hafi hann mokað mól úr stíflunni og tínt steina. Hann telur, að menn hafi ekki áttað sig á, að steypur veggur væri í jarðvegsstíflunni, og hafi það komið á óvart og þá fyrst hafi það komið til að nota sprengiefni. Hann segir, að það hafi verið á margra vitorði, að sprengiefni hafi verið geymt í Helgey, og hafi það verið sótt og notað.

Böðvar telur, að Miðkvíslarstífla hafi verið gerð í heimildarleysi og að óþörfu, þar sem ekki hefði átt að gera hana, fyrr en sýnt væri um áhrif stíflunnar í Yztukvísl, þar sem vatnslokur eru. Þá hefur Böðvar haldið því fram, að Miðkvíslarstífla hafi slitið allt lífrænt samband milli Mývatns og Laxár og vatnsvæðis hennar. Sjálfum hafi honum orðið mannvirki þetta til þess tjóns, að það búsilag, sem hann hafi áður haft af veiði göngusilungs úr Mývatni í Gautlandalæk, hafi horfið. Þá hafi hann

viljað sýna í verki andstöðu við taumlausum yfiringi stjórnar Laxárvirkjunar í samkiptum hennar við landeigendur á þessu vatnasvæði, og einnig kveðst hann líta á þátttöku sína í verkinu sem mótmæli gegn Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Dagbjartur Sigurðsson kveðst hafa heyrt útundan sér hinn 25. ágúst, að ráðgert væri að vinna á Miðkvíslarstíflu þá um kvöldið, og hafi hann haldið á vettvang milli kl. 2000 og 2030. Hann hafi þar starfað við að taka burt grjóthleðslur, sem hafi verið neðan við stífluna og til þess gerðar að beina vatnsrennsli til norðurs. Hann hafi einnig hjálpað lítið eitt til við aðalstífluna. Hann kveðst ekki vilja greina frá því, hverjir stýrt hafi dráttarvélum þeim, sem notaðar hafi verið við verkið. Ákærði kveðst ekki vita, hverjir farið hafi með sprengiefnið. Hann hafi séð, er nyrðri garðurinn var sprengdur, en ekki séð, hvernig sprengiefninu var komið fyrir. Ákærði kveðst síðan hafa brugðið sér heim til sín til mjalta, en er hann hafi komið aftur, hafi verið búið að rjúfa garðinn sunnan silungastigans. Um hvatir sínar til verksins vísar ákærði til yfirlýsingar sinnar, en hann hefur einnig getið þess, að hann sé formaður Veiðifélags Mývatns, og leggur hann áherzlu á það tjón, sem veiðieigendur við Mývatn hafi orðið fyrir, en stíflan í Miðkvísl hindri göngu milli Laxár og vatnsins.

Ákærði Einar Gunnar Þórhallsson kveðst hafa ákveðið að leggja liðsemd, er hann spurði það 25. ágúst, að rjúfa ætti Miðkvíslarstíflu um kvöldið. Hafi hann komið á staðinn á 21. tímanum, en færri hafi komið að en vildu, og kveðst hann því lítið hafa gert, „máske tekið stein“. Hann kveðst hafa heyrt einhverjar sprengingar. Hann segir, að lengi hafi verið þörf á einhverjum úrræðum vegna þess, að með stíflunum í Mývatnsósósum hafi vatnið verið gert að uppistöðupolli. Hafi vatnsborð hækkað svo, að valdið hafi átuskorti fyrir fugl og fisk. Hann kveður landspjöll hafa orðið af vatnsborðshækkuninni á tünunum og hólum. Þegar hátt sé í vatninu, eins og verið hafi á vetrum, eftir að stíflurnar voru gerðar, reki ís upp í land Voga og valdi spjöllum. Hafi orðið spjöll á túni heima hjá honum í Vogum.

Einar Gunnar segir, að þegar áin streymdi fram, hafi honum fundið sem kallað væri til hans og annarra viðstaddra, að áin væri frjáls og Mývatn.

Ákærði Eysteinn Arnar Sigurðsson segir, að alla tíð hafi verið um það rætt að rjúfa stífluna í Hólskvísl og í erfisdrykkju að Skjólbrekku 25. ágúst hafi verið ákveðið að gera það þá um kvöldið. Eysteinn kveðst hafa komið á vettvang um kl. 2000 og

tekið þátt í verkinu. Fyrst hafi jarðvegur verið fjarlægður úr stíflunni með skóflum og dráttarvélum og hafi þá steinveggurinn komið í ljós, en um hann hafi hann ekki vitað áður. Eysteinn telur, að sprengiefnið hafi verið tekið úr helli í Helgey. Sprengiefninu hafi verið komið fyrir ofan við steinvegginn, og telur hann, að vasaljósarafhlöður hafi verið notaðar til þess að koma af stað sprengingu.

Ákærða Finna Kristjánsdóttir kveðst hafa frétt það við jarðarför hinn 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna þá um kvöldið, og kveðst hún hafa komið á vettvang um kl. 2200 og starfað þar, helzt við mokstur. Hún kveðst ekki hafa séð sprengiefni. Hún segist hafa haldið heim um miðnætti.

Ákærða kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögmet, og hún hafi viljað leggja áherzlu á andstöðu sína við nýhafnar virkjunaraðgerðir Laxárvirkjunar við Brúar.

Ákærði Friðgeir Jónsson kveðst hafa hitt ákærða Baldvin Kristin Baldvinsson, er hann hafi verið á leið að Miðkvísl, og slegið í för með honum. Hafi þeir komið á vettvang um kl. 2100. Hann hafi unnið þar við að moka frá stíflunni og horfið af staðnum um miðnætti. Um kl. 2300 kveðst hann hafa heyrt þrjár sprengingar, en hann hafi ekki séð sprengiefni.

Ákærði skýrir háttsemi sína sem mótmæli gegn framferði Laxárvirkjunarstjórnar í virkjunarmálum.

Ákærði Friðrik Gylfi Traustason kveðst hafa heyrt orðróm um það hinn 25. ágúst, að til stæði að nema brott stífluna í Miðkvísl um kvöldið, og kveðst hann hafa komið á vettvang um kl. 2000. Hafi hann þar starfað að ýmsu, m. a. mokað burt jarðvegi. Hann kveðst ekki hafa tekið þátt í að ná í sprengiefnið og vill eigi tjá sig um það, hvort hann hafi unnið að sprengingunum. Hann kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og truflað bæði fuglalíf og fiskigengd.

Ákærði Guðmundur Jónsson kveðst hafa frétt 25. ágúst um fyrirætlanir um að rjúfa Miðkvíslarstíflu og hafi hann haldið á vettvang til þess að taka þátt í verkinu. Hafi hann unnið við það að rjúfa stíflu neðan við Miðkvísl vinstra megin. Hann hafi borið grjótt, unz hann hafi fengið verk í bakið og orðið að hætta. Hann kveðst ekki hafa fylgt náði með aðgerðum við aðalstífluna.

Ákærði segir, að hann og Ásmundur bróðir hans hafi átt aðra dráttarvélinu, sem notuð var við brott nám stíflunnar.

Guðmundur segist hafa talið, að stíflan hafi verið sér og öðrum til tjóns.

Ákærði Halldór Arnason kveðst hafa heyrt skraf um það 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna við Miðkvísl, og hafi hann farið á staðinn á níunda tímanum um kvöldið og rekið járnkarl í yfirborð stíflunnar til þess að sýna samstöðu sína að verki þessu. Hann telur, að yfirborð Mývatns hafi verið raskað af völdum rafveitunnar, og hafi það valdið landbroti á jörð hans og þar hafi eyðilagzt klakstöðvar, hinar mestu í Mývatni. Hann telur, að fuglalíf og fiskigengd hafa spillzt, og rekur orsök þess til miðlunar-mannvirkjanna.

Ákærði Haukur Hreggviðsson kveðst hafa komið að stíflunni um kl. 2030 til 2100, en hann hafi heyrt á skotspónum um það bil tveimur dögum fyrr, að opna ætti kvíslina. Kveðst hann hafa rifið upp grjót og mokað mól. Hann skýrir aðgerðir sínar með því, að stíflan hafi verið gerð í óleyfi og að hún hafi valdið tjóni á silungsveiði og fuglalífi.

Ákærði Héðinn Sverrisson kveðst hafa verið staddur í Árnosi í Aðaldal, er hann frétti, að vinna ætti á stíflunni, og hafi hann haldið þangað og komið á vettvang kl. 2000 til 2030. Hann kveðst hafa unnið við að rífa girðingu úr farveginum og að ryðja burt moldarstíflum og færa jarðveg úr aðalstíflunni. Þáttöku sína í verkinu skýrir hann með því, að hann hafi talið stífluna ólög-mæta og að hún hefði spillt fuglalífi og fiskigengd.

Ákærða Hildur Hermóðsdóttir kveðst hafa komið á vettvang milli kl. 1900 og 2000 og verið þar fram yfir miðnætti. Hún hafi unnið við að bera grjót og moka mól. Um hvatir sínar til þátt-töku sinnar í verkinu hefur hún vísað til yfirlýsingar sinnar, er áður var lýst.

Ákærði Hreiðar Arnórsson kveðst hafa haldið að Miðkvísl um kl. 2000 og verið þar til milli kl. 2300 og 2400 og unnið að því að nema á brott grjót og mól.

Hreiðar hefur gefið þessa skýringu á þátttöku sinni í verkinu: Hann hafi unnið við miðlunarvirkin við Mývatnsósa á sumrinu 1959. Hafi sér virzt horf forráðamanna Laxárvirkjunar til héraðs-manna svipað afstöðu hvítra manna í Suður-Afríku til svertingja. Hann kveðst líta svo á, að stíflan hafi verið gerð án samþykkis landeigenda með vafasamri heimild í ráðherrabréfi.

Ákærði Ingólfur Ísfeld Jónasson kveðst hafa ákveðið það, er hann spurði það 25. ágúst, að Miðkvíslarstífla yrði numin brott, að taka þátt í því verki og hafi hann farið á vettvang um kl. 2000 og unnið með járnkarli og skóflu að því að nema brott mól og grjót úr stíflunni, unz verki lauk.

Ingólfur kveðst telja, að Miðkvísl hafi verið stífluð ólöglega, honum og öðrum landeigendum til tjóns. Hafi lengi verið um það rætt að ryðja henni úr vegi.

Ákærða Ingveldur Ólafía Björnsdóttir kveðst hafa unnið að því að moka mól og bera brott grjót. Hefur hún lýst yfir því, að hún telji, að engum eigi að leyfast að spilla gróðri landsins og náttúrufegurð, og að öðru leyti skírskotað til yfirlýsingar sinnar, er lýst hefur verið.

Ákærða Jóhanna Álfheiður Steingrímsdóttir kveðst hafa farið á vettvang um kvöldið og verið þar fram yfir miðnætti og hjálpað við að bera grjót úr stíflunni. Hefur hún um ástæður til þátttöku sinnar skírskotað til yfirlýsingar sinnar.

Ákærði Jón Aðalsteinsson kveðst hafa farið að stíflunni um kl. 2000, eftir að hann hafði heyrt orðróm um, að unnið yrði á henni. Kveðst hann hafa losað grjót með járnkarli. Hann vísar til yfirlýsingar sinnar um hvatir sínar til verksins.

Ákærði Jón Benediktsson kveðst hafa heyrt orðróm um, að stíflan mundi verða rofin, og haldið á vettvang og komið þangað laust fyrir kl. 2000. Hann kveðst hafa rifið upp grjót og mokað mól. Hann kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og valdið miklu tjóni á silungi og fugli.

Ákærði Jón Kristjánsson segir, að mjög hafi verið um það rætt, að opna skyldi Miðkvísl, og í erfisdrykkju hinn 25. ágúst hafi það verið ákveðið. Kveðst Jón hafa komið að stíflunni um kl. 2100 og borið grjót úr henni. Hann hafi komið heim til sín laust fyrir kl. 2330. Um ástæður til þess, að hann tók þátt í verkinu, hefur hann vísað til yfirlýsingar sinnar. Hann hefur getið þess, að svæðið frá Rifi og niður að stíflum hafi verið helzta næringarforðabúr álfatar og húsandar á vetrum og hafi vatnið sjaldan lagt áður á þessu svæði nema stuttan tíma í senn, en eftir að Syðstakvísl og Miðkvísl voru stíflaðar, hafi þetta svæði verið meira og minna ísi lagt á vetrum. Hafi mikið af fugli horfallið á vetrum, einkum álfatir.

Ákærði Jón Pétursson kveðst hafa átt aðra dráttarvélina, sem notuð var, í félagi við bræður sína. Hann kveðst hafa tekið þátt í brotnámi stíflunnar, mokað mól með skóflu. Ástæður til þess hafi hann greint í yfirlýsingu sinni, en auk þess lætur hann getið, að þegar Geirastaðastíflan hafi verið gerð, hafi verið fallizt á að fresta um a. m. k. eitt ár að stífla Hólskvísl, en það loforð hafi ekki verið haldið. Jón telur, að nægilegt hafi átt að vera að loka kvíslinni 4—5 mánuði á vetri hverjum, en halda eðlilegu

vatnsrennsli þann tíma, er fiskur gengur milli Laxár og Mývatns.

Ákærði Jón Árni Sigfússon kveðst hafa frétt af fyrirætlunum, að rjúfa ætti Miðkvíslarstíflu, einum eða tveimur dögum áður en verkið var unnið, en lengi hafi þetta staðið til. Jón Árni kveðst hafa farið á vettvang og tínt grjót úr stíflunni. Hann hafi síðan farið frá nokkra stund. Á meðan hafi verið sprengt einu sinni. Eftir að hann kom á staðinn aftur, kveðst hann hafa heyrt tvær sprengingar. Jón Árni kveðst hafa litið lokun fiskvegarins alvarlegum augum. Hrygningarstöðvar urriðans hafi verið að mestu leyti við Voga, en Víkurnes, þar sem ákærði býr, er í landi Voga. Segir Jón Árni, að urriðaveiði hafi verið þar geysimikil, en hafi horfið að mestu, og klakstöðvarnar séu innan við 10% af því, sem verið hafi, áður en stíflur voru gerðar í Laxá.

Ákærði Jón Sigtryggsson kveðst hafa frétt um það 25. ágúst, að áformað væri að rjúfa stífluna í Miðkvísl. Hann kveðst hafa verið við stífluna frá því um kl. 2030 og fram undir miðnætti og hafi hann tínt nokkra steina úr stíflunni. Hann lýsir verkinu svo, að fyrst hafi verið numin burt steinhleðsla báðum megin stíflunnar og því næst hafi jarðvegi verið mokað úr stíflunni með dráttarvélaraskóflu og loks hafi steinveggur verið sprengdur brott með dynamiti. Ekki kveðst Jón geta fremur en aðrir þátttakendur borið um það, hverjir unnu að sprengingunum, og getur þess, að hann hafi einungis sjón á öðru auga og myrkur hafi verið.

Jón kveðst hafa tekið þátt í mótmælafor til Akureyrar vorið 1970 til að mótmæla Gljúfurversvirkjun. Eftir það hafi því verið lýst yfir, að fallið væri frá Suðurárveitu. Þrátt fyrir það hafi sprengingar verið hafnar við jarðgöng við Gljúfurversvirkjun 24. ágúst.

Ákærði Jón Stefánsson, býr á Nónbjargi, nýbýli úr landi Geirastaða. Jón segir, að hann hafi bú sitt á Geirastaðalandi og sé allt landið óskipt í ábúð sinni, foreldra hans og systkina.

Jón kveðst hafa komið að Miðkvísl að kvöldi 25. ágúst. Hann hafi ekki unnið við brotnám aðalstíflunnar, heldur garða, sem verið hafi við hólma þar fyrir neðan. Hann kveðst ekki hafa unnið að sprengingum, en þegar hann hafi komið neðan frá gördunum, hafi hann séð, að sprenging hafi verið undirbúin, og þá tekið að húa fólki frá. Ekki telur Jón sig vita, hverjir hafi unnið að sprengingunum.

Jón kveðst hafa talið sjálfsagt að taka þátt í brotnámi stíflunnar, enda hafi hann haft þar beinna hagsmuna að gæta.

Ákærði Jónas Sigurgeirsson kveðst hafa haldið að Miðkvísl til þess að taka þátt í að rjúfa stífluna í henni, en að hann hafði frétt það við jarðarför, að áformað væri að gera það. Hann kveðst vera fatlaður, en þó hafi hann tekið sér skóflu í hönd og mokað mól. Hann kveðst hafa komið heim til sín um kl. 2300. Jónas kveðst hafa talið mannvirki þetta gagnstætt hagsmunum sínum sem landeiganda við Laxá og hafi það verið reist án heimildar landeigenda og annarra, er hagsmuna höfðu að gæta.

Ákærði Ketill Þórisson kveðst hafa frétt um það 25. ágúst, að það væri í ráði að brjóta niður stífluna við Miðkvísl, og hafi hann komið á staðinn klukkan að ganga tíu um kvöldið. Hann hafi mokað mól úr stíflunni. Hann kveðst ekki hafa séð til þess, er undirbúningur var hafinn að sprengingum, og hafi þá verið orðið myrkt af nóttu.

Með þátttöku sinni kveðst Ketill hafa viljað lýsa vanþóknun sinni á framferði stjórnar Laxárvirkjunar, frá því framkvæmdir hófust við Mývatnsósa.

Ákærða Guðfinna Kristín Sigfúsdóttir kveðst hafa verið við stífluna frá því um kl. 2000 og þar til kl. um 2200 og hafi hún tínt nokkra steina úr stíflunni. Kveðst hún hafa litið svo á, að stífla þessi væri ólögmat.

Ákærði Kristján Elfar Yngvason kveðst hafa verið við stífluna frá því laust eftir kl. 2000 og fram til miðnættis. Hann hafi átt þátt í því að eyða stíflunni með því að færa úr henni grjót og mól. Um ástæður sínar til þess vísar hann til yfirlýsingar sinnar.

Ákærði Matthías Kristjánsson kveðst hafa litið svo á, að stíflan í Miðkvísl hafi verið reist í heimildarleysi og að hún hafi verið til óþurftar. Hann kveðst hafa frétt 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna, og haldið þá á staðinn og unnið að því að moka jarðvegi úr stíflunni með skóflu. Hann kveðst hafa verið við stífluna á að gizka frá því kl. 2130 og þar til laust eftir miðnætti.

Ákærði Óli Kristjánsson kveðst hafa komið að stíflunni laust eftir kl. 2100 og haldið á brott upp úr miðnætti. Hann kveðst hafa lagt hönd að verki og mokað mól úr stíflunni. Um hvatir sínar til þátttöku sinnar vísar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Páll Dagbjartsson kveðst hafa heyrt af orðspori 24. ágúst, að brjóta ætti niður stífluna, og þá þegar hafi hann ákveðið að eiga hlut að því verki. Kveðst hann hafa mokað mól úr stíflunni og numið brott steina. Hann kveðst ekki hafa unnið að sprengingunum og muni hann eigi svara því, hverjir það hafi

gert. Um ástæður sínar til þátttöku sinnar í verkinu vísar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna og kveðst auk þess hafa vænzt þess, að aðgerðirnar hefðu áhrif í þá átt að koma í veg fyrir Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Pétur Gauti Pétursson skýrir svo frá, að hann hafi í júlí 1960 verið í rúningsgöngum ásamt fleiri Mývetningum, er frétzt hafi, að framkvæmdir væru að hefjast við stíflun Miðkvíslar. Hafi verið rætt um að snúa við og hindra stíflugerðina, en ekki hafi náðst eining um það og því ekki orðið af.

Hinn 25. ágúst f. á. kveðst Pétur Gauti hafa frétt það í erfidrykkju, að þá um kvöldið mundi eiga að rjúfa stífluna. Hann kveðst hafa haldið á vettvang í bifreið með ákærða Böðvari Jóns-syni og Jóni bróður sínum og komið að stíflunni um kl. 2100. Hann kveðst hafa mokað jarðvegi á brott úr stíflunni með skóflu, einnig losað steina með járnkarli og klippt steypustyrktarjárn. Pétur Gauti kveðst ævinlega hafa verið andvígur þessu mannvirki og segir, að Laxárvirkjunarstjórn hafi ekki viljað ganga samningaleiðina og reynt svo á þolinmæði manna, að þetta úr-ræði hafi verið talið vænlegast.

Ákærði Pétur Steingrímsson kveðst hafa komið að Miðkvísl um kl. 2100, en hann hafi þá um daginn frétt, að brjóta ætti stífluna. Hann kveðst hafa borið grjót, stungið jarðveg og mokað mól. Hann kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg og hindrað allan eðlilegan samgang milli Mývatns og Laxár.

Ákærða Sigríður Ragnhildur Hermóðsdóttir kveðst hafa verið á vettvangi frá því um kl. 2000 og fram til miðnættis og hafi hún mokað mól og borið grjót. Um hvatir sínar til verksins vísar hún til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Sigurður Jónsson segir, að lengi hafi staðið til að nema brott Miðkvíslarstíflu. Hinn 24. ágúst hafi hann frétt um, að ráðið væri að vinna verkið næsta dag. Hann hafi komið á vettvang á tíunda tímanum og tekið þátt í verkinu með því að moka mól með skóflu. Kveðst Sigurður telja, að leyfi til stíflugerðarinnar hafi verið veitt á ólögætum forsendum.

Ákærði Sigurður Karlsson kveðst hafa frétt það undir kvöld 25. ágúst, að atлага yrði gerð að stíflunni í Miðkvísl þá um kvöldið, og kveðst hann hafa komið að stíflunni og mokað lítils háttar af mól. Hann kveðst hafa farið af vettvangi um miðnætti. Um hvatir sínar til verksins vísar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Sigurður Trausti Kristjánsson kveðst hafa komið að

Miðkvísl um kl. 2000 og verið þar um þrjár klukkustundir. Hann hafi unnið með handverkfærum að því að færa burt grjót og möl. Um skýringu á þátttöku sinni vísar Sigurður Trausti til yfirlýsingar þeirrar, sem hann hefur undirritað ásamt öðrum sakborningum.

Ákærði Sigurgeir Jónasson kveðst hafa spurt það síðari hluta dags 25. ágúst, að aðför að stíflunni í Miðkvísl væri ráðin. Hann kveðst hafa haldið á staðinn, að vísu ekki í því skyni að taka þátt í verki þessu, en hann hafi þó, er til kom, strax byrjað þáttöku í aðgerðum. Kveðst hann hafa tínt grjót úr stíflunni og mokað möl. Hann kannast ekki við það fremur en aðrir af hinum ákærðu, að hann hafi unnið að því að sprengja steinveggina. Hann kveðst hafa gengið nokkuð frá, meðan sprengt var, og hafi hann því ekki séð, hvernig að því var farið. Hann hefur enn fremur skýrt svo frá, að ekki hafi verið borað í vegginn. Borvél hafi verið fyrir hendi og ráðgert hafi verið að nota hana, en hætt við það. Hann telur, að um 15 túbur af dynamiti hafi verið notaðar við sprenginguna.

Sigurgeir kveðst ekki vita, hvað honum hafi gengið til verksins.

Hann kveðst hafa talið, að stíflumannvirkin ættu ekki rétt á sér að lögum.

Ákærði Sigurgeir Pétursson kveðst hafa orðið þess áskynja 25. ágúst, að opna ætti Miðkvísl, en það hafi lengi staðið til. Hann kveðst hafa ekið dráttarvél sinni á vettvang um kl. 2030. Ekki vill ákærði greina frá því, hver stjórnað hafi dráttarvél hans við verkið. Sigurgeir kveðst hafa tínt grjót og mokað möl. Um ástæður sínar til þátttökunnar í verkinu segir Sigurgeir, að þær hafi bæði verið af hagsmunaástæðum og tilfinningalegum toga, og hefur hann að öðru leyti vísað til yfirlýsingar sinnar og annarra hinna ákærðu.

Sigurgeir kveðst hafa dvalizt við ána fram eftir nóttu til að fylgjast með rennsli hennar.

Ákærði Stefán Axelsson kveðst hafa tekið þátt í rofi Miðkvíslarstíflu, en hann hafi frétt sama dag um kl. 1900, að til staði að vinna það verk. Kveðst Stefán hafa losað og tínt grjót úr stíflunni. Um ástæður til verksins skírskotar hann til yfirlýsingar sinnar og félaga sinna.

Ákærði Stefán Vignir Skaftason kveðst hafa komið að stíflunni í Miðkvísl milli kl. 1900 og 2000 umrætt kvöld og tekið þátt í að eyðileggja hana. Hann kveðst hafa haft hitt og þetta fyrir stafni. Hann kveðst hafa séð, er menn komu með dynamit-

kassa, en liðið sé sér úr minni, hverjir það voru. Stefán Vignir kveðst ekki hafa unnið við sprengingarnar, en hann hafi mokað mól og tínt grjót. Stefán Vignir segir, að með hlut sínum að þessu verki hafi hann viljað mótmæla ofbeldi og einstefnu, er hann telur stjórn Laxárvirkjunar hafa sýnt í héraðinu. Enn fremur mótmælir hann yfiringi og lagabrotum Akureyrarbæjar og Húsavíkurbæjar og ríkisvaldsins gegn bændum í héraðinu.

Ákærði Stefán Þórarinn Þórarinsson kveðst hafa lagt lið við verkið á þann hátt, að hann hafi unnið að því að flytja grjót úr stíflunni og að ryðja burt görðum milli hólma neðan við stífluna. Hann kveðst ekki hafa unnið að sprengingunum og vilji hann ekki skýra frá því, hverjir það hafi gert. Hann segir, að jafnan hafi verið talið, að stífla þessi hafi verið reist í heimildarleysi.

Ákærða Stefanía Þorgrímsdóttir kveðst hafa komið á vettvang ásamt manni sínum (ákærða Hauki Hreggviðssyni) milli kl. 1930 og 2000, en hún hafi frétt þennan dag, að ráðið væri að nema stífluna brott. Kveðst hún hafa unnið að því, borið grjót, stungið hnausa, mokað mól og beitt járnkarli. Hún hafi með þessu viljað mótmæla yfiringi forráðamanna Laxárvirkjunar við héraðsmenn. Hún kveðst telja, að stíflan hafi verið ólögleg.

Ákærði Steingrímur Kristjánsson kveðst hafa heyrt það við jarðarförina 25. ágúst, að rjúfa ætti stífluna þá um kvöldið. Hann kveðst hafa komið þangað um kl. 2130 og verið þar til miðnættis. Kveðst hann hafa haft með sér skóflu og mokað jarðveg frá stíflunni. Steingrímur kveðst telja, að stíflan hafi verið gerð í óleyfi og hún hafi haft óhagstæð áhrif á silungsgengd.

Ákærða Svanhildur Björk Jónasdóttir kveðst hafa frétt það á leið frá vinnu 25. ágúst, að ryðja ætti Miðkvíslarstíflu úr vegi. Hún kveðst hafa verið við stífluna um kvöldið frá því um kl. 2000 til 2200 og aftur frá kl. 2300 fram yfir miðnætti. Hún kveðst hafa tekið nokkra steina úr stíflunni. Um viðhorf sitt til verknaðarins vísar Svanhildur Björk til yfirlýsingar sinnar og annarra hinna ákærðu.

Ákærði Sveinn Helgason segist hafa farið að Miðkvísl um kl. 2000 umrætt kvöld og verið þar þangað til laust fyrir kl. 2300. Hann kveðst hafa borið grjót og mokað mól. Hann kveðst hafa verið andvígur framferði stjórnar Laxárvirkjunar hér við Laxá og einnig Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Völundur Þorsteinn Hermóðsson kveðst hafa haldið að Miðkvísl að loknum kvöldverði 25. ágúst og tekið þátt í að rjúfa stífluna með því að fjarlægja mól úr henni. Hann kveðst

hafa heyrt sprengingar, en ekki séð sprengiefni. Um hvatir sínar til verksins vísar hann til yfirlýsingarinnar.

Ákærði Yngvi Kristjánsson, sem vísað hefur til yfirlýsingar sinnar um verk þetta, kveðst hafa komið að stíflunni á níunda tímanum og unnið við að moka mól úr stíflunni og tína burt grjót. Hann kveðst hafa heyrt tvær sprengingar, áður en hann fór, en ekki séð sprengiefni.

Ákærði Þorgrímur Starri Björgvinsson kveður lengi hafa staðið til að rjúfa stífluna. Kveðst hann hafa komið á vettvang, er það verk var nýhafið. Hann kveðst hafa unnið með járnkarli og skóflu að því að nema grjót og mól úr stíflunni, en síðan hafi hann farið burt af staðnum og haldið að Reynihlíð til að senda frétt um verkið til Reykjavíkur. Hann kveðst hafa talið stífluna ólöglega og hættulega, þar sem hún truflaði rennsli Laxár og lokaði fyrir samgang silungs milli árinnar og vatnsins. Þorgrímur kveðst eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í þessu sambandi, en annars konar hagsmunir séu einnig í húfi, svo sem náttúruverndar-sjónarmið.

Ákærða Þóra Sigurðardóttir býr að Arnarvatni, sem á, eins og fyrr segir, land að Miðkvísl. Hún kveðst hafa farið á vettvang og hjálpað nokkuð til við verkið, einkum til þess að sýna samstöðu sína. Hún kveðst líta svo á, að stíflumannverkið hafi verið ólöglega gert í öndverðu, og oft hafi verið um það rætt að nema stífluna brott. Nú hafi mönnum fundizt kominn tími til þess.

Ákærði Þórhallur Bragason kveðst hafa verið að Álftagerði við Mývatn 25. ágúst, er hann frétti um áform um að eyða stíflunni í Miðkvísl. Kveðst hann hafa verið á vettvangi frá kl. um það bil 1930 til 2000 og fram til miðnættis. Hann hafi tekið þátt í verkinu, mokað mól og fært til grjót. Hann kveðst hafa séð dynamittúbur í kassa, en ekkert telur hann sig vita um það, hverjir unnið hafi að sprengingum. Um hvatir sínar segir Þórhallur, að hann telji stífluna hafa verið ólöglega reista, en einnig hafi hann viljað mótmæla fyrirætlunum um Gljúfurversvirkjun.

Ákærði Þóroddur Friðrik Þóroddsson kveðst hafa dvalizt þetta sumar á Grænavatni hjá afa sínum. Hann kveðst hafa verið að vinnu í Reynihlíð 25. ágúst og frétt þá, að nú mundi stíflan í Miðkvísl numin brott. Hann kveðst hafa komið að stíflunni um kl. 2000 og verið þar fram til milli kl. 2300 og 2400. Hann kveðst hafa mokað mól og borið grjót. Hann kveðst hafa talið verk þetta réttmætt og nauðsynlegt hefði verið að opna leið fyrir silung.

Ákærði Ævar Kjartansson kveðst hafa verið við Miðkvísl frá

því laust fyrir kl. 2000 og þar til laust eftir miðnætti. Hann kveðst hafa unnið við að losa jarðveg. Um viðhorf sitt til þessara aðgerða hefur hann vísað til yfirlýsingar sinnar, sem áður hefur verið lýst.

Ákærði Örylgur Arnljótsson segir, að oft hafi verið um það rætt, að rétt væri að rjúfa stífluna í Miðkvísl, og mánudaginn 24. ágúst kveðst hann hafa frétt, að afráðið væri að vinna það verk. Kveðst Örylgur hafa komið að stíflunni laust eftir kl. 2000 og hafi aðgerðir þá verið nýhafnar. Hann kveðst hafa mokað mól og borið burt grjót. Enn fremur hafi hann klippt steypustyrktarjárn úr veggnum, eftir að hann var sprengdur. Ekki telur Örylgur sig vita frekar en aðrir, hver komið hafi með sprengiefnið. Hann kveðst telja, að sprengt hafi verið með þeim hætti, að sprengiefni hafi verið komið fyrir niður með stíflunni vatnsmegin og sprengingu komið af stað með rafstraum.

Örylgur kveðst hafa haft óbeit á stíflunni og talið hana ólöglega og hafi hún verið reist, án þess að um það hafi verið leitað samninga.

Ákærði Örn Arnar Hauksson kveðst hafa frétt það, er hann kom heim frá vinnu sinni 25. ágúst, að ákveðið væri að eyðileggja stífluna þá um kvöldið. Kveðst hann hafa haldið þangað laust eftir kl. 2000 og mokað mól úr stíflunni. Hann kveðst engar sprengingar hafa heyrt og hann hafi farið brott um kl. 2230. Um hvatir sínar til verksins vísar hann til yfirlýsingar sinnar.

Auk ákærðu hafa þeir, sem nú verða taldir, skýrt svo frá, að þeir hafi unnið við að rjúfa stífluna, en ekki þykir þörf að rekja framburði þeirra nánar:

Garðar Eggertsson, Laxárdal, Þistilfirði, fæddur 26. maí 1951.

Gísli Árnason, Laxárbakka, fæddur 24. ágúst 1951.

Hilmar Hermóðsson, Árnesei, fæddur 30. ágúst 1953.

Hólmfríður Jónsdóttir, Arnarvatni, fædd 24. nóvember 1951.

Hulda Finnlaugsdóttir, Arnarstöðum, Hraungerðishreppi, fædd 4. apríl 1953.

Ingi Þór Yngvason, Skútustöðum, fæddur 8. apríl 1952.

Margrét Bóasdóttir, Stuðlum, fædd 28. nóvember 1952.

Pétur Vignir Yngvason, Skútustöðum, fæddur 8. apríl 1952.

Sigríður Árnadóttir, Víkurnesi, fædd 16. ágúst 1954.

Unnur Björnsdóttir, Kópavogi, fædd 23. ágúst 1953.

Vitnið Örn Friðriksson, prestur að Skútustöðum, kveðst hafa hitt mann í Skjólbrekku skömmu fyrir kvöldmat og hafi hann sagt honum, að vera kynni, að hann gæti tekið athyglisverðar

myndir við Miðkvísl þá um kvöldið. Kveðst Örn hafa farið að Miðkvísl og tekið þar um þrjátíu myndir, en farið heim, er dimmt var orðið. Hann segir, að auðséð hafi verið, að þeir, sem voru á staðnum, hafi ekki litið svo á, að þeir væru að fremja lögbrot, og enginn hafi haft á móti myndatökunni. Örn kveðst ekki hafa fylgzt náið með athöfnum manna og ekki hafi hann séð, að ákveðnir menn hefðu stjórn á verkinu. Hann kveðst ekki hafa orðið var við sprengiefni.

Vitnið Ívar Haukur Stefánsson, bóndi í Haganesi, kveðst hafa farið á staðinn um kl. 2230 til þess að sjá, hvað um væri að vera. Hann kveðst vera gæzlumaður Laxárvirkjunar við stíflu hjá Haganesi og hafi hann ekki viljað taka þátt í verkinu, þótt hann hafi verið samþykktur því. Kveðst hann hafa setið í bifreið sinni í nokkurri fjarlægð frá stíflunni. Hann kveðst hafa heyrt kallað, að það ætti að fara að sprengja, og síðan hafi hann heyrt hveli.

Skýrslur voru teknar af nokkrum mönnum öðrum, sem komu á staðinn án þess að taka þátt í verkinu, en ekki þykir ástæða til að rekja hér framburð þeirra, enda varpar hann ekki ljósi á atburðina umfram það, sem fram kemur af framburði ákærðu sjálfra.

III. Aðdragandi að stíflun Miðkvíslar.

Eftir að orkuverið við Brúar tók til starfa árið 1939, kom fljótt í ljós, að oftlega urðu truflanir á rennsli Laxár á vetrum, en fullkomnar rannsóknir á rennsli Laxár virðast ekki hafa farið fram, áður en virkjun þessi tók til starfa. Eftir að vél II hafði verið sett niður á árinu 1944, fór að bera á vatnsskorti. Var reynt að sjá við honum með því að sprengja fram klakastíflur, sem hætti til að myndast í ánni. Til þess að koma í veg fyrir truflanir á útrennsli árinna úr Mývatni var árið 1946 gerð stífla með plankalokum í Syðstukvísl, þ. e. meginál hennar, en kvísl þessi greinist mjög í ála af hólum, sem í henni eru. Átti að opna lokurnar, þegar rennsli tæki að minnka, og bæta þannig úr vatnsskortinum. Þessar ráðstafanir virðast ekki hafa komið að haldi, og næsta úrræði var það, að stífla skyldi Geirastaðakvísl með lokustíflu og beina vatnsflaumnum að henni með dýpkun á aðrennsli að henni. Aðgerðir í þessa átt hófust 1953.

Svo sem fyrr segir, fellur Geirastaðakvísl um land Geirastaða. Samkvæmt fundargerð Laxárvirkjunarstjórnar 29. júní 1953 kom þar fram orðsending frá Stefáni Sigurðssyni, eiganda Geirastaða, þar sem hann setur skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda Laxár-

virkjunarstjórnar í landi hans. Á fundi, sem haldinn var á Geirastöðum næsta dag, var rætt um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir og samþykkt að biðja um dómkvaðningu matsmanna, er meti tjón, sem jörðin Geirastaðir verði fyrir af hinum fyrirhuguðu aðgerðum, og ákveði bætur fyrir það og sömuleiðis tjón, sem aðrir en Geirastaðabóndi kunni að verða fyrir. Hinn 17. júlí 1953 sótti stjórn Laxárvirkjunar um það til atvinnumálaráðuneytisins, að það veitti leyfi til þess, að Geirastaðakvísl yrði dýpkuð og í hana sett stífla með lokum og ef ráðstöfun þessi reyndist ekki nægileg, yrði Breiðan fyrir ofan kvíslina dýpkuð. Í framhaldi af þessu bréfi sendi stjórnin ráðuneytinu annað bréf 29. júlí, þar sem einnig er sótt um leyfi til dýpkunar eða hreinsunar við Rifið. Leyfi til þessara framkvæmda veitti ráðuneytið 10. ágúst 1953. Framkvæmdir hófust sama sumar og stöðvuðust síðan um hríð, en 1956 var tekið til við þær að nýju, en ekki virðist verkinu hafa verið lokið fyrr en 1960. Geirastaðastíflan er steinsteypt og með lokuútbúnaði, þannig að auka má eða minnka vatnsrennsli um hana.

Að því er stjórn Laxárvirkjunar telur, reyndust aðgerðir þessar eigi að heldur fullnægjandi, og á árinu 1960 tók hún að vinna að því að láta stífla Miðkvísl til þess að ná fyllra valdi á útrennsli úr Mývatni. Fór svo að lokum, að reist var stífla sú, er ákærðu og fleiri rufu 25. ágúst 1970. Af hálfu ákærðu er því eindregið haldið fram, að Laxárvirkjunarstjórn hafi reist stíflu þessa í heimildarleysi og hafi það verið lögmæt athöfn að ryðja henni úr vegi. Er nauðsynlegt að rekja allt það, sem fram hefur komið í málinu um skipti landeigenda við stjórn Laxárvirkjunar svo og stjórnarinnar við atvinnumálaráðuneytið, að því er tekur til vatnsvirkis þessa.

Hinn 12. júní 1960 var haldinn fundur við Mývatnsósa efri, og hafði Laxárvirkjunarstjórn boðað landeigendur við ofanverða Laxá á fund þennan, en auk þess komu á hann nokkrir ábúendur jarða, er liggja að Mývatni. Fundarstjóri á fundi þessum var Pétur Jónsson í Reynihlíð, en fundarritarar Halldór Ísfeldsson, Kálfaströnd, og ákærði Eysteinn Sigurðsson, Arnarvatni. Þar las formaður stjórnarinnar upp bréf, er hann hafði sent ábúendum við ofanverða Laxá, en í því hafði verið farið fram á, að stífla mætti „mið- og syðstu kvíslar Laxár yfir vetrarmánuðina“, eftir því sem bókað er í fundargerð. Um það, sem síðan gerðist á fundinum, þykir rétt að taka upp orðrétt úr fundargerðinni:

„... Sigurður Thoroddsen verkfræðingur tók til máls og skýrði

fyrirhugaðar framkvæmdir, sem nú væru hér á dagskrá. Þá tóku til máls nokkrir ábúendur við Laxá og skýrðu sín sjónarmið, og kom það fram í máli þeirra, að ekki mundu allir hér um slóðir hugsa gott til þeirra framkvæmda, og Eysteinn Sigurðsson á Arnarvatni lýsti því yfir, að ekki yrði gengið hér til neinna samninga af hálfu landeigenda um væntanlegar framkvæmdir, fyrr en gerður hefði verið samningur um þær framkvæmdir, sem þegar væri búið að gera hér á þessum slóðum.

Síðan tók til máls Þorgrímur Starri í Garði. Ræddi hann bæði um væntanlegar framkvæmdir og rafmagnsmál Mývetninga og lauk svo máli sínu með því að leggja fram svohljóðandi tillögu: „Landeigendur við Mývatn og Laxá, sem mættir eru á fundi með Rafveitunefnd Akureyrar við Mývatnsósa 12. júní 1960, samþykka, að ekki skuli gengið til neinna samninga um nein vatnsréttindi við Laxá og Mývatn, fyrr en fyrir liggja ákveðið svar og loforð frá ábyrgum aðilum, sem treysta meg, að staðið verði við, um það, hvenær Mývetningar og Laxdælingar fái rafmagn frá Laxárvirkjun og með hvaða kjörum það rafmagn fáiast. Ennfremur líta þeir svo á, að hér sé við fleiri að semja en þá, sem fundarboð þessa fundar var stílað til, og af þeim sökum geti þessi fundur enga samninga gert“.

Indriði Helgason sagði, að sér virtist, að umræður hér ætluðu að snúast helzt til fjarri því málefni, sem hér lægi í raun og veru fyrir, en það væru fyrst og fremst stífla Miðkvíslar Laxár. Sagði hann ennfremur, að stjórn Laxárvirkjunar hefði boðizt til að gera silungastiga, svo að framkvæmdir hefðu ekki eyðandi áhrif á fiskiauðlegð árinna, en taldi, að óttinn um fuglalífið væri fjarstæða ein.

Jón Þorláksson tók til máls og gerði meðal annars fyrirspurn um öryggi þess stíflubúnaðar, sem þegar væri hér búið að gera.

Halldór Ísfeldsson las upp úr fundargerðarbók Skútustaðahrepps ályktun, sem almennur sveitarfundur í Mývatnssveit hafði gert 4. júlí árið 1953.

Þá tók til máls Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, og svaraði hann ýmsum fyrirspurnum, sem fram höfðu komið, og gerði athugasemdir og leiðréttingar við ýmislegt, sem fram hafði komið hjá ræðumönnum.

Stefán í Haganesi taldi framkvæmdir hér við ósana hefðu alltaf verið mjög fálmkennar og sagðist álíta, að fyrirhuguð stífla Miðkvíslar væri mjög vafasöm til ávinnings fyrir virkjunina.

Pétur Jónsson vakti athygli á því, að hann hefði ekki fyrr

heyrt talað um silungastiga, og sumir ræðumenn létu í ljós vantrú á því, að auðveldlega gengi að kenna silungi að nota stiga.

Þráinn Þórisson gerði fyrirspurn um það, hvers vegna ekki hefði verið byrjað á því að leggja raflínuna hingað frá Laxárvirkjun, þegar framkvæmdir væru hér hafnar.

Indriði Helgason svaraði því, að stjórn Laxárvirkjunar hefði aldrei haft efni á slíku, en viðurkenndi hins vegar, að slíkt væri til stórtjóns fyrir framkvæmdirnar í heild.

Sigurður Thorroddsen kom enn með ýmsar skýringar og leiðréttingar og lagði síðan fram eftirfarandi fundarályktun:

„Fundur, haldinn að Geirastöðum 12/6 1960, með landeigendum að Laxá og Laxárvirkjunarstjórn samþykkir að leyfa Laxárvirkjunarstjórn að gera stíflu í Miðkvísl, enda sjái Laxárvirkjunarstjórn um, að stíflunni fylgi umbúnaður, er veiðimálastjóri samþykki, í því skyni, að silungsgengd milli Laxár og Mývatns truflist ekki“.

Bergsteinn Gunnarsson ræddi um þau áhrif, sem sprengingar við Laxárósa hefðu í neðanverðum Laxárdal, og sagði, að það væri sannfæring þeirra, sem þar byggju, að oft væri að þeim verulegt tjón, þótt erfitt mundi reynast að sanna, að slíkt væri af manna völdum, en ekki náttúruhamfara.

Sigurður Thorroddsen talaði og sagði, að sér væri ekki ljóst, hvað fyrir landeigendum hér við Laxá hefði vakað, þegar þeir hvöttu til þess, að fundur væri haldinn um þessi málefni, og nærri lægi að álykta, að þar hefði verið um gabb eitt að ræða, svo að hann sæi sér ekki annað fært en að draga tillögu sína til baka.

En fundarstjóri sagði, að eins og til fundar þessa væri boðað, sæi hann sér ekki fært að taka tillögu Þorgríms Starra hér til afgreiðslu.

Eysteinn Sigurðsson mótmælti þeim ummælum, að hér hefði verið um gabb að ræða, og taldi, að málefnið hefðu hér mikið skýrzt og þess hefði verið fullkomin þörf, en það hefði verið furðuleg bjartsýni að láta sér til hugar koma, að málum yrði til lykta ráðið á einum skyndifundi“.

Þessum fundi lauk því þannig, að ekkert samkomulag náðist við landeigendur um leyfi til stíflugerðarinnar.

Samkvæmt skýrslu stjórnar Laxárvirkjunar skrifuðu ábúendur Arnarvatns henni 21. júní 1960 og fóru fram á, að endurbyggðar yrðu gamlar brýr yfir í Geldingaey, og skyldu það teljast bætur

fyrir tjón og óþægindi, sem þeir hafi orðið fyrir af völdum Laxárvirkjunar á undanförunum 14 árum.

Hinn 26. júní 1960 ritaði stjórn Laxárvirkjunar bréf til atvinnuáráðuneytisins með beiðni um leyfi til þess að ljúka við framkvæmdir við Mývatnsósa, „sem nánar tiltekið ná til þessa auk þeirra hluta, sem áður hafa verið leyfðir af hinu háa ráðuneyti:

- 1) Stífla í Miðkvísl með silungastiga.
- 2) Stíflur í tvo hliðarfarvegi Syðstukvíslar.
- 3) Lagfæring árfarvegs móts við Geldingaey.
- 4) Lagfæring farvegjar Laxár gegnt Arnarvatni og Helluvaði“.

Umsókn þessa hefur ráðuneytið sent raforkumálastjóra til umsagnar 30. júní, og í svarbréfi, sem dagsett er sama dag, 30. júní, en hefur bersýnilega verið sent síðar, þar sem í því er vitnað til greinargerðar Sigurðar Thoroddsens verkfræðings, dags. 2. júlí, segir á þessa leið:

„... Stíflur þær, sem óskað er leyfis að gera, og lagfæring árfarvegs móti Geldingaey eru allt saman í rauninni hluti af þeirri ráðstöfun til varnar gegn truflunum á rennsli Laxár, sem leyfð var með bréfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953. Fyrir því er full grein gerð í áætlunum og greinargerðum innlends og erlends ráðunauts Laxárvirkjunarinnar og í útboðslýsingu um verkið frá apríl 1951.

Nú er komið að því að byrja vinnu við þessar stíflur. En þegar vinna átti að hefjast, mótmæltu bændur framkvæmd verksins og töldu, að Laxárvirkjunin hefði ekki fengið tilskilin leyfi til mannvirkjagerðarinnar.

Þetta er að því leyti rétt, að í umsóknum Laxárvirkjunarstjórnar frá 17. og 29. júlí 1953 hefur láðst að geta þessara þriggja smástíflna og lagfæringar árfarvegsins móti Geldingaey sérstaklega, og þær eru því heldur ekki nefndar í leyfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953. Má því til sanns vegar færa, að formlegt leyfi vanti til framkvæmdar þessa hluta virkjunarmannvirkjanna.

Ég hefi óskað eftir og fengið frá ráðunaut Laxárvirkjunarinnar, Sigurði Thoroddsen, verkfr., teikningu af umræddum þrem stíflum og viðbótargreinargerð varðandi rennslisjöfnunarmannvirkin við Mývatnsósa (dags. 2. júlí 1960). Teikning þessi og greinargerð fylgja hjálagt.

Ég vil nú leyfa mér að leggja til, að hið háa ráðuneyti veiti leyfið til þess, að gerð verði þessi mannvirki Laxárvirkjunarinnar við Mývatn:

1. stíflu í Miðkvísl með silungastiga,
2. stíflur í tvo hliðarfarvegi Syðstukvíslar, og

3. lagfæringu árfarvegs móts við Geldingaey sem hluta þeirra ráðstafana til rennslisjöfnunar í Laxá, sem leyft var að hefjast handa um í bréfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953. Verkið sé gert samkvæmt umsókn Laxárvirkjunarstjórnar, dags. 26. júní 1960, bréfi Sigurðar Thoroddsen til raforkumálastjóra, dags. 2. júlí 1960, og teikningu af stíflum á uppdrætti nr. A. 696.

En jafnframt sé við mannvirki þessi gerðar þær ráðstafanir til tryggingar eðlilegri fiskigöngu, sem veiðimálastjóri dæmi fullnægjandi.

Hvað við kemur fjórða atriðinu í umsókn Laxárvirkjunarinnar frá 26. júní þ. á.: „Lagfæring farvegar Laxár gegnt Arnarvatni og Helluvaði“, þá tel ég, að æskja beri ítarlegri greinargerðar og uppdrátta af þeim mannvirkjum, áður en leyfi fyrir þeim er gefið út“.

Umsögn Sigurðar Thoroddsens, sem vitnað er til í bréfi raforkumálastjóra, hefur komið fram í máli þessu. Lýsir Sigurður þar þeim rökum, er hann telur liggja að því, að Miðkvísl verði stífluð. Í umsögninni kemur fram, að bændur úr Mývatnssveit, er komið hafi á fund með honum, hafi talið stífluna óþarfa, og gerir Sigurður athugasemd við þá skoðun.

Atvinnumálaráðuneytið veitti Laxárvirkjunarstjórn leyfi til framkvæmda með bréfi, sem dagsett er 5. júlí 1960, og hljóðar svo:

„Með skírskotun til bréfs raforkumálastjóra, dags. 30. f. m., og bréfs stjórnar Laxárvirkjunar, dags. 26. s. m., vill ráðuneytið taka fram, að það samþykkir, að gerð verði samkvæmt heimild í VI. kafla vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923, eftirfarandi mannvirki, sem hluti þeirra ráðstafana til rennslisjöfnunar í Laxá, sem samþykktar voru með bréfi ráðuneytisins til Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 10. ágúst 1953:

1. stífla í Miðkvísl með silungastiga,
2. stíflur í tvo hliðarfarvegi Syðstukvíslar, og
3. lagfæring árfarvegs móts við Geldingaey.

Við mannvirki þessi verði gerðar þær ráðstafanir til tryggingar eðlilegri fiskigöngu, sem veiðimálastjóri telur fullnægjandi.

Hvað viðvíkur lagfæringu farvegar Laxár gegnt Arnarvatni og Helluvaði, þá telur ráðuneytið æskilegt, að því berist ítarlegri

greinargerð og uppdráttir af þeim mannvirkjum, áður en leyfi fyrir þeim yrði gefið út.

Ingólfur Jónsson.

/Gunnl. E. Briem“.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, er haldinn var á Gautlöndum 15. júlí 1960, var samþykkt, að oddviti skyldi næsta dag senda stjórn Laxárvirkjunar svohljóðandi símskeyti:

„Í umboði landeigenda og annarra veiðiréttareigenda í Mývatn og Laxá í Skútustaðahreppi kalla ég yður hér með til ábyrgðar á hverskonar afleiðingum fyrr og síðar, sem stafa kunna af gerðum og fyrirhuguðum framkvæmdum í Laxá og kvíslum hennar“.

Keyti þetta sendi oddviti, og var það lagt fram á fundi stjórnar Laxárvirkjunar 18. júlí 1960. Á fundinum var gerð þessi samþykkt:

„Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að semja við Arnarvatnsbændur á þeim grundvelli, að gengið verði að kröfum þeirra um endurbyggingu brúnna á Syðstukvísl, og um bætur vegna tjóns á klaki, hvorttveggja með því skilyrði, að landeigendur torveldi á engan hátt fyrirhugaðar framkvæmdir og að hugsanlegt tjón þeirra vegna fari eftir mati eftirá“.

Föstudaginn 22. júlí 1960 hélt stjórn Laxárvirkjunar fund með landeigendum við Mývatnsósa og hreppsnefnd Skútustaðahrepps, og fór hann fram í vinnuskóla við Geirastaði. Þar gerði Eysteinn Sigurðsson þá kröfu, að lokið yrði áður nefndri brúarsmiði, áður en samið yrði um framhald aðgerða við Miðkvísl eða þær gerðar. Af hálfu stjórnar Laxárvirkjunar var lýst yfir því, að ekki yrði frekar aðhafzt við stíflun Miðkvíslar, áður en brýrnar hefðu verið gerðar og unnt væri að hleypa vatni á Geirastaðakvísl. Þá var samið um, að lögskipaðir matsmenn yrðu til staðar, áður en að því kæmi, að Miðkvísl yrði stífluð.

Jón Gauti Pétursson oddviti, Gautlöndum, lýsti á fundi þessum þeirri skoðun hreppsnefndar, að ekki hefði verið farið að réttum lögum um útvegun leyfis frá raforkumálaráðherra, þar sem samningar hefðu verið strandaðir og ekki hefði verið leitað umsagnar viðkomandi aðilja, áður en leyfi var veitt. Þá gerði hann grein fyrir kröfum hreppsnefndar við gerð hugsanlegs samkomulags um áframhaldandi framkvæmdir við Mývatnsósa, og voru þær þessar:

1) Að Laxá yrði ekki rótað neðan við Kleifarhólma.

2) Að hliðarvegir Syðstukvíslar yrðu ekki stíflaðir nema

með sérstöku samkomulagi og ekki yrði dregið úr eðlilegu vatns-
magni þar til silungsgengdar.

3) Að stjórn Laxárvirkjunar skyldi hlíta sameiginlegum ákvörð-
unum hreppsþúa um hámarks- og lágmarksvatnsborð í Mývatni
og hámarksrennsli yrði ákveðið af landeigendum við Laxá og
Laxárvirkjunarstjórn í samráði við vatnsmælingamann ríkisins.

4) Fyrir hönd eigenda Arnarvatns var sú krafa gerð, að tjón
þeirra vegna framkvæmdanna yrði bætt með 50 árs KW raforku,
og fyrir hönd Geirastaða var krafizt, að tjón þeirra yrði bætt
með ákveðnu árgjaldi eftir mati.

5) Að afstýrt verði með girðingum á kostnað Laxárvirkjunar-
stjórnar millirennslu búfjár yfir farvegi, sem tæmast, og einnig
ef uppistöður verða á vetrum, svo búfé stafaði hætta af.

6) Að bætur vegna almenns tjóns Mývetninga vegna truflana
á silungsgengd, landspjalla o. fl. yrðu þær, að Laxárvirkjun greiddi
niður verð á raforku til Mývetninga í það verð, sem gildir á
Akureyri á hverjum tíma.

7) Að Laxárvirkjunarstjórn beitti sér fyrir því, að raforkulína
yrði lögð sem fyrst um Mývatnssveit.

Stjórn Laxárvirkjunar lýsti yfir því, að hún tæki kröfur þessar
til athugunar, en frestaði að taka afstöðu til þeirra.

Laxárvirkjun lét smíða brýr þær á Syðstukvísl, sem um hefur
verið rætt. Hefur því verið haldið fram af hálfu stjórnar virk-
junarinnar, að landeigendur virðist hafa gengið að þeim skilyrð-
um, sem sett hafi verið á fundi 18. júlí (þ. e. að landeigendur
torvelduðu ekki framkvæmdir o. s. frv.). Ákærði Eysteinn Sigurðs-
son hefur mótmælt þessari skoðun. Smíði brúnna hafi af hálfu Arn-
arvatnsbænda verið skilyrði þess, að til samninga gæti komið um
framkvæmdir þær, sem virkjunin leitaði samþykkis til. Brýrnar
hafi að vísu verið smíðaðar, en eftir það hafi ekkert verið reynt
til þess að ná samningum við landeigendur.

Samkvæmt skýrslu Laxárvirkjunar var samþykkt á stjórnar-
fundi 30. ágúst að hafna kröfum þeim, sem settar höfðu verið
fram á fundi 22. júlí, en um einstaka liði kröfugerðarinnar er
þetta þó tekið fram:

Liður 1: Ráðuneytið hafði frestað að veita leyfi í þessa átt,
svo að ekki kom til þessara framkvæmda.

Liður 2: Ákveðið var að fresta framkvæmdum að þessu leyti
að sinni, og var önnur hliðarkvísl Syðstuhvísar stífluð 1961, en
hin hefur enn ekki verið stífluð.

Liður 3: Stjórn Laxárvirkjunar kveðst ævinlega hafa viljað

haga vatnshæð í Mývatni í samræmi við óskir Mývetninga, en erfitt hafi verið að gera svo öllum líki, þar sem þeir hafi haft mjög svo ólíkar skoðanir á þessu efni.

Liður 4: Um hann segir orðrétt í skýrslu stjórnar Laxárvirkjunar: „Stjórn Laxárvirkjunar hafði þá þegar orðið við kröfum Arnarvatnsbænda um bætur, og einnig hafði Stefán Sigurðsson, Geirastöðum, fengið sínum kröfum framgengt, eins og áður segir. Stjórn Laxárvirkjunar var þeirrar skoðunar, að tjónbætur umfram það, sem þegar hafði verið samið um vegna framkvæmda við Mývatn, verði ákvarðaðar af dómkvöddum mönnum“.

Liður 5: Stjórnin kveðst hafa orðið við þessari kröfu.

Liður 6: Þessum lið var hafnað, fyrst og fremst vegna þess, að svo lítið var vitað þá um annars vegar tjónið og hins vegar bótaupphæðina.

Liður 7: Stjórnin kveðst hafa beitt áhrifum sínum í þá átt að uppfylla þennan lið.

Í skýrslu stjórnar Laxárvirkjunar segir, að ljóst sé, „að fullar heimildir hafi verið fyrir þessum framkvæmdum og þær framkvæmdir í samráði við og með samþykki landeigenda“. Þá er tekið fram, að aldrei hafi verið farið fram á, að umrædd mannvirki yrðu fjarlægð, né heldur að rætt yrði um, að fundin yrði lausn á þeim erfiðleikum á göngu urriða milli vatns og ár, sem bændur telji, að skapast hafi vegna framkvæmdanna.

Hinn 3. september 1960 var haldinn fundur í skrifstofu framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar. Auk stjórnarmanna, er þar voru staddir, kom þangað Sigurður Thorroddsen verkfræðingur og úr Mývatnssveit þeir Eysteinn Sigurðsson, Halldór Ísfeldsson og Pétur Jónsson. Í fundargerð kemur fram, að stjórnin hafði tveim dögum áður fallizt á að fresta framkvæmdum við Miðkvísl, þar til Sigurður Thorroddsen hefði látið í ljós álit sitt á málinu. Á fundinum bar Eysteinn Sigurðsson fram þá tillögu fyrir hönd Mývetninga, að lokið yrði framkvæmdum við dýpkun Yztukvíslar fyrir vestan Geldingaey, en Miðkvísl yrði látin opin um veturinn, enda teldu Mývetningar hana óþarfa og jafnvel til hins verra með tilliti til kraparennslis.

Sigurður Thorroddsen lýsti yfir því, að hann teldi, að halda bæri áfram framkvæmdum við Miðkvísl, eins og áformað hefði verið, enda mundi að öðrum kosti kastað á glæ verðmætum þeim, sem lögð hefðu verið í mannvirkið. Samþykkti stjórnin síðan að halda áfram framkvæmdum, eins og ekkert hefði í skorizt.

Ekki verður séð, að til neins samkomulags hafi komið milli Laxárvirkjunarstjórnar og landeigenda um kröfur hinna síðarnefndu né að neinar samkomulagsumleitanir hafi farið fram eftir þetta.

Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsens annaðist verkfræðilegan undirbúning umræddra framkvæmda, eins og áður er komið fram. Hinn 28. ágúst 1960 leitaði Sigurður umsagnar veiðimálastjóra um uppdrætti að stíflunni og silungastiganum í Miðkvísl. Með bréfi til veiðimálastjóra 31. janúar 1961 áréttaði Sigurðurur beiðni sína um umsögn um Miðkvíslarstífluna og leitaði jafnframt umsagnar um uppdrátt að stíflum í hliðarálmum Syðstuvíslar. Með bréfi 9. maí 1961 tilkynnti veiðimálastjóri, að hann hefði fyrir sitt leyti gefið leyfi til fiskvegargerðar í Miðkvísl, enda yrði fylgt teikningu Sigurðar, og hefði Knut Otterstedt, rafveitustjóra á Akureyri, verið tilkynnt símleiðis þessi ákvörðun 24. september 1960.

Svo sem fyrr var greint, var gerð stíflunnar í Miðkvísl lokið 1961.

Til þess að meta bætur fyrir tjón af framkvæmdum Laxárvirkjunar við Mývatnsósa höfðu verið dómkvaddir þeir Árni Jónsson, tilraunastjóri á Akureyri, og Bjartmar Guðmundsson alþingismaður. Með bréfum til bænda við Mývatnsósa, dags. 3. október 1962, skoraði Árni Jónsson á hlutaðeigendur að leggja fram skaðabótakröfur sínar fyrir 1. janúar 1963. Þessu bréfi svaraði Eysteinn Sigurðsson hinn 11. janúar 1963, og segir í bréfinu m. a. á þessa leið:

„... Ég leitaði álits veiðimálastjóra um þessi mál. Hann telur ekki tímabært að framkvæma fullnaðarmat á þessum spjöllum enn, þar sem ekki er séð, hvaða áhrif þessar framkvæmdir hafa á veiði í ánni, og mun það taka nokkur ár. Hins vegar teljum við, að þegar megi meta landspjöll og þau veiðisvæði, er algjörlega hafa verið eyðilögð, svo sem Miðkvísl. Bótakröfur þar að lútandi munum við leggja fram, svo fljótt sem kostur er, en tel mig enn ekki hafa fengið nægar upplýsingar til þess“.

Verður ekki séð, að mati þessu hafi verið þokað áleiðis á næstu árum. Með bréfi, dags. 26. apríl 1969, tilkynnti ákærði Dagbjartur Sigurðsson Knúti Otterstedt rafveitustjóra, að stofnað hefði verið Veiðifélag Mývatns og væru félagsmenn í því allir, sem land ættu að Mývatni. Yrði félag þetta sameiginlegur málsvari landseigenda við Mývatn. Í bréfinu er síðan rætt um vatnsborðshæð í Mývatni og kvartað yfir of lágru vatnsstöðu á nýliðn-

um vetri. Ekki er í bréfi þessu vikið að bótagreiðslum vegna vatnsvirkjanna í Mývatnsósam.

Hinn 3. maí 1970 var stofnað að Breiðumýri Veiðifélag Laxár og Krákár, og í bréfi, sem ákærði Eysteinn Sigurðsson ritar stjórn Laxárvirkjunar fyrir hönd félagsins sem formaður hinn 18. maí 1970, setti hann fram kröfur á hendur Laxárvirkjun um gerð fiskvegar upp fyrir stíflur virkjunarinnar í Laxárgljúfrum. Í lok bréfs þessa segir enn fremur, að félagið telji Laxárvirkjun skylt að bæta tjón vegna mannvirkjagerðar við Mývatnsósa. Stjórn Laxárvirkjunar svaraði þessu bréfi 11. júní, en ekki er þar vikið sérstaklega að kröfum vegna aðgerðanna við Mývatnsósa.

Í júlí bárust stjórn Laxárvirkjunar bréf frá eigendum Geirastaða, Haganess og Arnarvatns, þar sem hafðar eru uppi kröfur á hendur stjórninni vegna framkvæmda Laxárvirkjunar við Mývatnsósa. Eru kröfur þessar fjölbættar og skipta milljónum króna af hálfu hvers aðilja. Ekki er þörf að lýsa nánar kröfum þessum, en til samkomulags hefur ekki dregið.

IV. Áhrif á fiskigengd.

Frá upphafi hefur það verið ljóst, að við gerð stíflu í Miðkvísl yrði að gæta þess, að eigi yrði lokað fyrir, að fiskur gæti gengið um kvíslina, en talið er, að urriði hafi gengið um útfallskvíslarnar milli Laxár og Mývatns. Í umsókn sinni til atvinnuáráðuneytisins 26. júní 1960 um leyfi til vatnsvirkis þessa, en bréfs þessa var getið undir III hér að framan, segir m. a. svo: „Áhrif virkjanna á þær jarðir telur stjórnin muni verða óveruleg, þar sem virkin munu þannig gerð, að þau hindri ekki hugsanlega göngu silungs um Miðkvísl; verður þar komið fyrir silungastiga, og verður um gerð hans höfð samvinna við veiðimálastjóra“. Í umsögn raforkumálastjóra er mælt með leyfi að því tilskyldu, að ráðstafanir verði gerðar til tryggingar eðlilegri fiskigöngu. Það skilyrði er einnig sett í leyfi ráðuneytisins 5. júlí 1960. Í máli þessu hafa ákærðu og aðrir, sem með þeim unnu að niðurbroti Miðkvíslarstíflu, haldið því eindregið fram, að stíflan hafi komið í veg fyrir fiskigengd um kvíslina. Vatn það, sem um stigann fór og einungis hafi verið lítið brot af vatnsmagni því, sem áður fór um kvíslina, hafi verið svo lítið, er það var komið í hvíslarfarveginn neðan stíflunnar, að silungur hafi naumast gengið þar upp. Silungur, sem farið hafi upp Yztukvíslina, hafi haldið áfram móti aðalflaumnum upp að stíflunni hjá Geirastöðum og stöðvazt þar í stað þess að fara upp Miðkvísl eins og áður, meðan um hana fór ca. þriðjungur af vatnsmagninu, sem myndar Laxá.

Farvegur Miðkvíslar neðan stíflu greinist nokkuð af smá-hólmum, og var nokkuð aðhafzt í þá átt að beina vatni því, sem um silungastigann fór, í einn ál. Eysteinn Sigurðsson heldur því þó fram, að ráðstafanir þessar hafi verið ófullnægjandi. Farvegurinn hafi upphaflega verið þrengdur efst, en aldrei hafi orðið úr því, að það væri gert neðar, þar sem vatnsmagnið dreifðist mest. Eysteinn kveðst raunar telja, að það mundi ekki heldur hafa komið að haldi, vatnsmagnið hafi verið svo lítið, að fiskur mundi alltaf heldur hafa leitað móti aðalflaumnum upp Geirastaðakvísl.

Hinn 4. september óskaði Sigurður Thoroddsen umsagnar veiðimálastjóra um fyrirhugað vatnsvirki í Syðstukvísl, en jafnframt umsagnar um mannvirkin í Miðkvísl.

Í framhaldi af bréfi þessu framsendi Sigurður veiðimálastjóra 3. nóvember 1961 bréf Jóns Gauta Péturssonar, Gautlöndum, sem þá var oddviti Skútustaðahrepps. Verður hér tekinn upp kafli úr bréfi Sigurðar:

„... Ég sé ekki ástæðu til skýringar með bréfi oddvítans, nema að því er varðar umsögn hans um Miðkvísl, þar sem hann segir: „Engin silungsbranda komst um kvíslina með þessu vatnsmagni“ o. s. frv., þó að hún snerti ekki beint þau atriði, er umsókn Laxárvirkjunarstjórnar nú nær til.

Ekki er að efa, að Miðkvíslarstiginn sjálfur, sem gerður er „lege artis“ og flytur að vísu mjög mismunandi vatnsmagn, háð vatnssstöðunni fyrir ofan hann, er undir öllum kringumstæðum silungsgengur, þegar vatn rennur um hann, enda er það atriði ekki dregið í efa af oddvita.

Neðan við stigann var farvegurinn lagfærður, settar í hann stíflur og hann þrengdur í því skyni að gera hann gengan fyrir silung. Að vísu hef ég ekki haft aðstöðu til að athuga farveginn, eftir að vatn var sett í stigann, og get því ekki dæmt um þetta atriði.

En aldrei hefur verið nein tregða hjá Laxárvirkjunarstjórn til þess að gera allt, sem verða mætti til þess, að stiginn og farvegurinn næði þeim tilgangi sínum að vera fær silungi. Og má ganga út frá því sem vísu, að Laxárvirkjunarstjórn muni lagfæra það, sem ábótavant er að dómi yðar . . .“.

Umsögn sína sendi veiðimálastjóri Sigurði hinn 31. marz 1962. Sá þáttur hennar, sem lýtur að stíflunni í Miðkvísl, er svohljóðandi:

„Svo sem kunnugt er, hefur Miðkvísl verið stífluð og fiskstigi

byggður í kvíslina. Gerð fiskstigans var samþykkt af undirrituðum. Var hr. Knut Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunarinnar, tilkynnt um það í símtali 24. sept. 1960 og staðfest í bréfi til Sigurðar Thoroddsens, verkfræðings, dags. 9. maí 1961. Fiskstigin er gerður á þeim hlutföllum, að silungur ætti að geta gengið upp hann. Í þverveggjum stigans eru bæði göt við botn, sem silungur getur gengið um, og einnig eru yfirföll af hagkvæmri gerð. Fiskvegurinn ætti að koma að tilætluðum notum, ef um hann rennur nægjanlegt vatn, þegar silungur er á göngu um ána. Áðurnefnt samþykki gildir að sjálfsgöðu um fiskstigann sjálfan, en ekki um önnur mannvirki í Miðkvísl. Er ég skoðaði nefndan stiga hinn 2. sept. 1961 ásamt Otterstedt, rafveitustjóra, og Sigurði Troroddsen, verkfræðingi, leit ég einnig á garða, sem komið hafði verið fyrir í farvegi Miðkvíslar í þeim tilgangi, að halda uppi vatnsborði neðan við stigann. Þar sem vatn var þá ekki í farvegi kvíslarinnar, var ókleift að sjá, að hve miklu gagni garðarnir kæmu“.

Veiðimálastjóri tjáir sig því næst um ráðgerðar framkvæmdir: „Rétt þykir í þessu sambandi að taka fram, að af breytingum á rennsli geta leitt truflanir, sem hafa áhrif á líf silungs í Laxá. Ekki er tímabært að ræða um hugsanlegar truflanir af nefndu tagi, þar sem nauðsynlegar athuganir og rannsóknir á aðstæðum hafa ekki farið fram. Tel ég brýna þörf á að gera slíkar athuganir og rannsóknir, en því miður er vinnukraftur og starfsfé mitt af svo skornum skammti, að ég get ekki tekið að mér að framkvæma þær að gagni, án þess að fjárhagslegur stuðningur komi þar til. Má telja líklegt, að kostnaður verði ekki ýkja mikill. Er líklegt, að hann fari ekki fram úr 25 þúsund krónum.

Á gundvelli niðurstaðna af slíkum ahugunum og rannsóknum má svo gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja truflanir af áðurnefndu tagi. Í bréfi til mín, dags. 3. nóvember 1961, telur Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, að stjórn Laxárvirkjunarinnar muni reiðubúin til að lagfæra misfellur, sem leiddu af mannvirkjagerð hennar í Laxá“.

Rannsóknardómarinn leitaði álits veiðimálastjóra í máli þessu með bréfi, dags. 7. september, og í svari sínu, dags. 25. september, segir veiðimálastjóri á þessa leið:

„Í bréfi yðar, dags. að Skútustöðum 7. þ. m., spyrjið þér tveggja spurninga varðandi silungsgöngur í sambandi við rannsókn yðar í svo nefndu Miðkvíslarmáli.

Fyrri spurningin er um, hvort miðlunarkirkjun Laxárvirkjunar

við Mývatnsósa hafi hindrað fiskgöngur milli Laxár og Mývatns. Það er alkunna meðal Mývetninga, að urriðagöngur hafi átt sér stað úr Laxá upp í Mývatn, áður en stíflur voru gerðar í kvíslar Laxár úr Mývatni, og hafi urriði hrygnt í Vogalandi. Slíkar göngur um ár og vötn til hrygninga er vel kunnugt fyrirbæri. Með ófiskgengum stíflum eins og þeim, er gerðar hafa verið í Syðstukvísl 1946 og í Geirastaðakvísl, sem lokið var við 1960, er silungur hindraður í að ganga upp nefndar kvíslar upp í Mývatn, eins og hann gerði áður. Silungsgengt er þó upp Syðstukvísl um Urðarfoss, eins og ég sá hann 24. júlí 1962, og um Haganeskvísl, en líklegt er, að minnsta kosti hluti af silungi, sem synda upp undir stífluna í Syðstukvísl við Dragsey, tejfist á göngunni og aðrir haldi ekki lengra en að stíflunni og hörfi síðan aftur niður kvíslina, ef þeir finna ekki leiðirnar um Urriðafoss og Haganeskvísl. Silungur á leið upp Geirastaðakvísl hefur orðið fyrir algjörri hindrun. Sumir þeirra hafa vafalaust hörfað undan og leitað fyrir sér annars staðar og komizt upp Miðkvísl, þegar hún var með náttúrulegu rennsli, og aðrir hafa sennilega gengið í Sortulægð, sem fellur í Geirastaðakvísl, enda jókst veiði þar fyrst eftir stíflugerðina í Geirastaðakvísl að sögn manna nyrðra.

Síðari spurning yðar er, hvort silungastiginn í stíflunni í Miðkvísl hafi komið að gagni, þar sem of lítið vatnsmagn hafi verið í farveginum neðan við stífluna. Við byggingu stíflna í kvíslar Laxár við Mývatnsósa hefur orðið breyting á vatnsmagni, sem runnið hefur um einstakar kvíslar, enda var það tilgangurinn með stíflugerðunum. Í Miðkvísl rann fyrir stíflugerðina 13 tenm. á sek. af vatni, en silungastiginn var gerður til að flytja allt að 2 tenm. á sek., og rann allt vatn, sem um Miðkvísl hefur farið, meðan stíflan var þar, um silungastigann. Við mjög minnkað vatnsmagn hefur verulegur hluti árfarvegarins neðan við fiskveginn þornað á þeim svæðum, sem liggja hærra en Geirastaðakvíslin, sem Miðkvísl rennur í, eða verið með grunnum vöðlum að verulegu leyti. Hefur þetta væntanlega haft veruleg áhrif á gönguskilyrðin í Miðkvísl, þó að ekki verði fullyrt um það, þar sem ég skoðaði kvíslina einu sinni, eftir að vatn fór að renna um silungastigann.

Ef skera á úr um þessi atriði á ótvíræðan hátt, er nauðsynlegt að merkja silung neðan við stíflurnar og sjá, hvort hann kemur fram ofan við þær. Sumarið 1962 voru merktir 171 urriði neðan við stíflur, og komu 11 þeirra fram samsumars neðan við þær og einn síðar. Benda þessar merkingar til, að urriði hafi ekki

gengið upp fyrir stíflurnar, þar sem enginn merktur urriði veiddist ofan við þær, svo vitað sé. Taka verður fram, að nefnd merking getur ekki talizt gefa tæmandi svar um málið“.

Enn fremur ritaði veiðimálastjóri rannsóknardómaranum hinn 6. nóvember 1970 á þessa leið:

„Í bréfi til yðar, dags. 25. sept. s.l., er skýrt frá merkingum urriða í Laxá neðan við stíflur skammt neðan við Mývatn, sem framkvæmdar voru í þeim tilgangi að fá vitneskju um, hvort urriðinn gengi úr Laxá upp fyrir stíflurnar og upp í Mývatn. Við nánari athugun og eftirgrennslan varðandi endurheimtur á merktum urriðum hefur komið fram, að 164 urriðar voru merktir í Laxá neðan við stíflurnar, sem Laxárvirkjun hefur látið gera þar, og hafa 17 merktir urriðar endurveiðst, flestir samsumars, þar sem veiddust 16 neðan við stíflurnar og einn rétt ofan við stífluna í Geirastaðakvísl, en flóðgáttir stíflunnar höfðu verið opnar um tíma, áður en urriðinn veiddist. Í Mývatni voru merktir sjö urriðar fyrir Vogalandi, og veiddist einn þeirra þar nokkrum dögum eftir merkingu. Breyta þessar nýju upplýsingar ekki niðurstöðunum af merkingunum, sem getur um í nefndu bréfi“.

V. Truflanir á rekstri Laxárvirkjunar.

Steingrímur Gautur Kristjánsson rannsóknardómari leitaði sérfræðilegrar álitsgerðar orkumálastjóra um nauðsyn og mikilvægi stíflunnar í Miðkvísl og um það, hver hættu mundi stafa af því fyrir raforkuvinnslu Laxárvirkjunar, að stíflan hefði verið rofin.

Þessu svarar Jakob Gíslason orkumálastjóri á þessa leið í bréfi til rannsóknardómarans, dags. 15. september 1970:

„Umrædd stífla var gerð samkvæmt leyfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 5. júlí 1960. Hún var af raforkumálastjórninni talin vera hluti af þeirri ráðstöfun til varnar gegn truflunum á rennsli Laxár, sem leyfð hafði verið með bréfi ráðuneytisins, dags. 10. ágúst 1953, en meginþáttur þeirrar ráðstöfunar var, sem kunnugt er, dýpkun Geirastaðakvíslar og gerð lokunarmannvirkja í henni. Tilgangur þeirra mannvirkja var, að með notkun þeirra yrði unnt að ráða vatnsrennsli úr Mývatni í Laxá á öllum tímum árs og í hvaða veðráttu sem væri og hindra þannig hinar tíðu istruflanir við útrennsli vatnsins. Fullt vald var þó ekki talið, að fengist á rennslinu úr vatninu, nema loka einnig hinum óskvísulum Laxár úr Mývatni með stíflumannvirkjum, þannig að beina mætti rennslinu öllu í Geirastaðakvíslina. Þótt í þessu sambandi væri rætt um að beina rennslinu öllu til Geirastaðamannvirkjanna, var af öllum hafður sá fyrirvari á að undan-

skilja nægilegt vatn fyrir fiskvegi, sem haldið yrði opnum í hinum kvíslunum.

Það er óumdeilt, að sú mannvirkjagerð, er að framan segir frá, hefur svarað tilgangi sínum og dregið svo úr ístruflunum við útrennsli Mývatns sem almennt var vænzt. Munar í því efni að sjálfsögðu mestu um mannvirki Geirastaðakvíslarinnar. En ég tel það ekki orka tvímælis, að með stíflun Miðkvíslar og smákvíslanna fékkst fullkonnara vald á útrennsli úr Mývatni en unnt var að fá með Geirastaðamannvirkjum einum saman og um leið öruggari varnir gegn ístruflunum.

Ég hef ekki þau gögn milli handa, er geri mér kleift að upplýsa, hversu mikill hlutur Miðkvíslarstíflunnar er í vörnum gegn ístruflunum á rennsli Laxár, enda liggur í hlutarins eðli, að nákvæmum mælingum eða útreikningi á því hlutfalli er erfitt að koma við. Víst er þó, að þessi stífla hefur, eins og að framan er vikið að, ákveðnu hlutverki að gegna í að tryggja sem öruggastan rekstur Laxárvirkjunarinnar og hættan, sem stafar af því fyrir raforkuvinnslu Laxárvirkjunarinnar, að stíflan hefur verið rofin, er sú, að við erfiðustu veðurskilyrði að vetri til nægi stjórn lokumannvirkja í Geirastaðakvísl ekki til að tryggja ótruflað rennsli úr Mývatni að þörf Laxárvirkjunar. Stjórnandinn hefur þá ekki vald yfir þeim hluta vatns, sem um Miðkvísl rennur. Hann hefur minni möguleika á að ráða vatnsborðshæð í Mývatni og getur síður en ella haft áhrif á ísmyndun við útrennslið.

Skaðlegar afleiðingar af þessu geta þá fyrst og fremst orðið þær, að við verstu skilyrði dragi svo úr vatnsmagni árinna, að vinnslugeta orkuversins rýrni tilfinnanlega, meðan truflunin stendur yfir, grípa þurfi til dísilvélaareksturs til að vinna það, sem á vantar, og í allra versta tilfelli taka upp skömmtun rafmagns, ef afl dísilvélaanna dugir ekki til. Svo sem ég áður vék að, treystist ég ekki til að gera án ítarlegri gagna en fyrir hendi eru nánari grein fyrir líkum þess, að slíkar truflanir af völdum rofs stíflunnar muni eiga sér stað né að áætla útgjöld og tjón, sem af því kunna að hljóta.“

Í bréfi stjórnar Laxárvirkjunar til saksóknara, undirrituðu af Knúti Otterstedt framkvæmdastjóra og dagsettu 11. nóvember 1970, segir m. a. á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar í bréfi, dags. 4. nóv. 1970, vill stjórn Laxárvirkjunar taka fram eftirfarandi:

1. Rekstur Laxárvirkjunar hefir enn ekki orðið fyrir verulegum truflunum vegna skemmdanna á Miðkvíslarstíflu, en þó

skeði það, að mánudaginn 19. okt. s.l. gerði stutt og tiltölulega meinlítið vetrarhret með þeim afleiðingum, að Miðkvíslin stíflaðist algjörlega seint það sama kvöld, og við það féll aflgeta stöðvanna við Laxá úr 12 MW niður í um 8 MW, og gekk erfiðlega að anna aflþörf svæðisins um hádegisbilið daginn eftir. Strax morguninn eftir var rennslið aukið í Geirastaðakvísl, en vatnið er um 8—12 klst. niður til virkjananna (fer eftir veðri), þannig að þess var ekki farið að gæta fyrir en um kvöldið. Auk þess kom í ljós við athugun um hádegisbilið þriðjudaginn 20. okt., að minniháttar truflanir höfðu orðið í Syðstukvísl, en nú hafa landeigendur og stjórnir veiðifélaga á svæðinu bannað að loka henni, eins og gert hefir verið undanfarinn áratug.

Af þessu má ljóst vera, að þarna geta orðið mjög alvarlegar vatnsrennslistruflanir í hörðum vetrarveðrum, eins og reynsla fyrri ára reyndar hefir leitt í ljós, og búast má því við miklum erfiðleikum og mikilli umframnotkun dísilstöðvanna á svæðinu nú í vetur. Auk þessa hefir komið í ljós í kuldunum, sem hér hafa verið, að áin er nú miklu viðkvæmari fyrir frostum, og hefir rennslið af þeim sökum verið breytilegra en ella.

2. Erfitt er að fá fram upplýsingar um upprunalegan kostnað við Miðkvíslarstíflu, þar sem kostnaður hennar var ekki aðgreindur frá öðrum þáttum þessara framkvæmda, en hjálagt fylgir matsgjörð þeirra Karls Ómars Jónssonar, verkfræðings, og Ingólfs Helgasonar, byggingameistara, er kvaddir voru til þess að meta umrætt tjón á stíflunni.

3. Stjórn Laxárvirkjunar er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að fyrirbyggja, ef þess er nokkur kostur, að verknaðir slíkir sem eyðilegging Miðkvíslarstíflu endurtaki sig. Stjórnin er hins vegar ekki í þeirri aðstöðu að gera kröfur um refsingu þeirra, sem að þessum verknaði stóðu, þar sem ákærvaldið á sókn þessa máls, en hún mun gera kröfu um fullar bætur fyrir það tjón, sem Laxárvirkjun hefir orðið fyrir eða kann að verða fyrir í framtíðinni“.

Um truflanir þær á vatnsrennsli, sem urðu í október, segir á þessa leið í skýrslu Jóns Þ. Haraldssonar stöðvarstjóra:

„Sunnudaginn 18. okt. versnaði veður. Um miðnætti, þ. e. kl. 00, var frostlaust. Kl. 04 var frost -1°C . Kl. 20 -1°C og kl. 24 -2°C . Ríkjandi veður NA-kaldi og éljagangur.

Þann 19. okt. er veður kl. 04 NA-kaldi og snjókoma, frost -3°C , kl. 12 NA-kaldi, -1°C , kl. 20 NA-kaldi, -2°C og kl. 24 NA-kaldi, -1°C .

Þann 19. okt. er veður kl. 04 NA-kaldi og sjócoma, frost -3°C , Kl. 12 gola, -3°C og kl. 20 hægviðri, $+3^{\circ}\text{C}$.

Aðfaranótt þess 19. okt. upp úr miðnætti fer að gæta minnkunar í ánni, og krap fór að koma fram við rafstöð. Vex það jafnt og þétt, og er orðið mjög mikið um hádegi. Afköst véla höfðu þá rýrnað um 0.5 MW. Um kl. 20 höfðu afköst rýrnað um 2.4 MW, og þannig hélzt ástandið með litlum breytingum fram til kl. 04 þann 20. Afköst fara síðan enn minnkandi og komast niður í ca. 3 MW um kl. 11 á vél III (Rýrnun þá um 5 MW). Úr því fer vatn að vaxa á ný, hægt fyrstu klukkutímana, en síðan hraðar, og full afköst eru komin á vélar um kl. 21. Vegna þess, hve áin var bólgin af krap, var mjög erfitt að gizka rétt á vatnsmagnið, en samkvæmt framleiðslugetu vélar III, ca. 3 MW, þá var notað vatn um 17.4 kl/sek og vatnshæð stíflu 68.95 m og framhjärennslí því sáralítið.

Þann 20. okt. fór ég ásamt Árna Gíslasyni, Laxárbakka, og Sigurði Stefánssyni, Geirastöðum, upp að Miðkvísl, og vorum við komnir þangað upp úr hádegi, en þá var rétt að byrja að renna fram um íshrönglið, og fór það ört vaxandi, þar sem orðið var frostlaust og hægviðri. Ég athugaði vandlega ísstíflurnar og lagnaðarís í botni farvegarins neðan silungastigans, en sá lagnaðarís bar þess vott, að ekki hefði runnið vatn um kvíslina í nokkra klukkutíma. Það, sem gerði truflunina þó versta, var, að það rann svo lítið vatn um Geirastaðaskurðinn, meðan krapamyndunin fór fram, að erfitt reyndist að auka rennslið þar, þegar til þurfti að taka. Krapað var búið að mynda farveg með ákveðinni flutingsgetu um skurðinn og upp á Breiðuna“.

Ákærði Eysteinn Sigurðsson heldur því fram, að rennslistruflanir þær, sem urðu í október 1970, hafi á engan hátt átt rót sína að rekja til þess, að stíflan í Miðkvísl var rofin. Hann segir, að í desember hafi orðið minni háttar truflanir. Í janúar hafi orðið truflanir, sem hafi stafað af því, að áin hafi stíflast í Laxárdal, en ekki af því, að truflun hafi orðið á útrennsli úr Mývatni.

VI. Tjón af rofi Miðkvíslarstíflu.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu dómkvaddi 1. október 1970 þá Karl Ómar Jónsson byggingaverkfræðing og Ingólf Helgason byggingameistara til þess að meta tjón það, sem varð, þegar stíflan í Miðkvísl var rofin.

Matsgerð þeirra er á þessa leið:

„Skv. dómkvaðningu sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 1. okt. 1970, vorum við undirritaðir, Karl Ómar Jónsson bygginga-

verkfræðingur, Reykjavík, og Ingólfur Helgason byggingameistari, Húsavík, kvaddir til að meta tjón það, er varð, þegar stíflan í Miðkvísl í Laxá við Mývatn var eyðilögð.

Þar sem ekki var ljóst, hverjir væru þeir aðilar, er tilkynna bæri vettvangsgöngu matsmanna, aðrir en fulltrúar Laxárvirkjunarstjórnar, var ákveðið í samráði við sýslumann að tilkynna forystumönnum Skútustaðahrepps, hvenær hún færi fram. Var hreppstjóra og oddvita sent símskeyti þar um og haft samband við Jón Haraldsson, stöðvarstjóra Laxárvirkjunar, vegna fjarveru Knúts Otterstedt framkvæmdastjóra.

Þriðjudaginn 6. október fóru matsmenn að Miðkvísl Laxár við Mývatn. Mættir voru sem fulltrúar Laxárvirkjunarstjórnar Jón Haraldsson stöðvarstjóri og Hjálmar Þórðarson verkfræðingur, Reykjavík. Oddviti Skútustaðahrepps, Sigurður Þórisson, var einnig mættur, en tók fram, að hann væri ekki mættur sem aðili. Greiddi hann götu matsmanna, svo sem þeir óskuðu eftir, en var annars hlutlaus áhorfandi, meðan skoðun fór fram.

Matsmenn framkvæmdu svo skoðun skemmdanna, gerðu at-huganir og mælingar og báru saman við teikningar af mannvirkjunum, og kom í ljós, að saman bar teikningum og stíflugerð allri.

Stífla þessi er 20 metra löng og er þrískipt, þannig að í miðju er fiskivegur 2.70 m á breidd, en sitt hvorum megin eru jarðvegsstíflur með steiptum þéttikjarna. Straummegin við þéttikjarnann var grjóthleðsla, en hinum megin fylling úr hraungjalli og grjóthleðsla á fláa hlémegin. Mest af grjótinu hafði verið fjarlægt og gjallfyllingin öll farin og stór skörð í steinveggi báðum megin. Endi á fiskvegi var líka með sprungum. Nokkuð grjót er á bökkum kvíslarinnar, og meiri hluti þess mun vera á staðnum, en gjallfylling er horfin, og þarf að flytja hana að. Hreinsa þarf burtu leifar af steypuveggnum nema smábíta við landið. Steypa þarf garðinn að nýju og gera síðan grjóthleðslu og gjallfyllingar.

Til að framkvæma verk þetta, þarf að setja bráðabirgðastíflu úr timbri nokkru ofar en stíflustæðið er. Stífla þessi verður röskir 12 m á lengd. Þó er ekki gert ráð fyrir, að þessi stífla verði þétt, en lekavatni verði veitt í fiskveg með smájarðvegsstíflum.

Við matið hefur verið tekið tillit til þess, að miðlunarmannvirkin í Geirastaðakvísl hindra, að hægt sé að koma við vörubílum til efnisflutninga, og einnig hindra þau notkun stærri tækja. Þá hefur einnig verið gert ráð fyrir aðkeyptu vinnuafli til framkvæmdanna, svo að fæðis- og annar upphaldskostnaður

er tekinn með. Með tilvísun til ofanritaðs teljum við tjónið hæfilega metið þannig:

Bráðabirgðastífla	kr. 380.000.00
Jarðvegsstífla með þéttivegg	— 215.000.00

Kr. 595.000.00“

Stjórn Laxárvirkjunar var gefinn kostur á að koma að fjárkröfu í máli þessu. Stjórnin hefur með yfirlýsingu og bréfi, er hún sendi dóminum 31. marz s.l., lýst yfir því, að hún muni ekki krefjast bóta í máli þessu, en áskilji sér allan rétt til þess að krefjast í einkamáli, þegar tímabært sé, bóta fyrir spjöll, sem unnin voru á mannvirkjunum, og tjón af rekstrartruflunum þeim, sem hafa orðið eða verða, meðan óbreytt ástand varir.

VII. Niðurstöður.

Við úrlausn máls þessa skiptir meginmáli, hversu háttáð var heimild Laxárvirkjunar til þess að stífla Miðkvísl.

Miðkvísl skilur lönd Arnarvatns og Geirastaða. Þurfti Laxárvirkjunarstjórn í fyrsta lagi að afla sér heimildar gagnvart eigendum þessara jarða, annað hvort með samningum við þá, en að öðrum kosti með eignarnámsheimild.

Laxárvirkjunarstjórn gerði tilraun til þess að ná samkomulagi við landeigendur um leyfi til stíflugerðarinnar, sbr. fund þann, sem haldinn var 12. júní 1960, en á þeim fundi náðist ekkert samkomulag, og stóð enn við það, er stjórnin sótti hinn 26. júní um leyfi ráðherra til framkvæmda.

Eftir að leyfi var veitt, 5. júlí, mótmæltu Mývetningar leyfisveitingunni með skeytinu 16. júlí. Samkomulagssumræðum var þó ekki lokið, og kröfur þær, sem Jón Gauti Pétursson gerði grein fyrir á fundi 22. júlí, voru bornar fram vegna „hugsanlegs samkomulags um áframhaldandi framkvæmdir við Mývatnsósa“. Stjórn Laxárvirkjunar hafnaði hins vegar kröfum þessum í veigamiklum atriðum 30. ágúst, og á fundinum 3. september hafnaði stjórnin tilmælum Eysteins Sigurðssonar um að fresta framkvæmdum. Eftir það sést ekki, að neinar samkomulagsumleitarnir hafi farið fram. Verður því ekki fallizt á þá skoðun Laxárvirkjunarstjórnar, að allar aðgerðir við Mývatnsósa hafi farið fram „í samráði við og með samþykki landeigenda“. Þetta kann að vera rétt, að því er varðar vatnsvirkin í Geirastaðakvísl og

Syðstukvísl, en um stíflun Miðkvíslar sést ekki, að neitt samkomulag hafi verið gert við þá landeigendur, sem hagsmuna áttu að gæta. Rétt er að geta þess sérstaklega, að Laxárvirkjun hefur ekki með brúun Syðstukvíslar aflað sér samþykkis Arnarvatnsbænda til stíflugerðarinnar, þar sem ljóslega kemur fram, að af hálfu þeirra var brúarsmiðarinnar krafizt til bóta á tjóni, sem þeir töldu, að þegar væri orðið, og þeir litu á hana sem skilyrði fyrir áframhaldandi samningum varðandi Miðkvísl.

Miðkvíslarstíflu var ætlað að draga úr rennslistruflunum í Laxá og auka þannig öryggi í rekstri orkuvera Laxárvirkjunar. Í vatnalögum nr. 15/1923 eru mjög víðtækar heimildir til eignarnáms í sambandi við vinnslu raforku úr fallvatni, sbr. í fyrsta lagi V. kafla laganna, og samkvæmt VI. kafla, sem fjallar um vatnsmiðlun, getur ráðherra heimilað eignarnám, sem skyldar landeigendur til þess að þola miðlunarvirki á löndum sínum (2. tl. 68. gr., sbr. 55. gr.). Samkvæmt 70. gr. teljast miðlunarfyrirtæki liður í orkuveri, en þó þarf sérstakt leyfi til miðlunar í tilvikum, sem talin eru í greininni og bersýnilega koma til greina við stíflun Miðkvíslar, þ. e. þegar fyrirtæki getur haft í för með sér skaðleg áhrif á veiði (a liður) eða þegar forræðis eða afnota þarf af landi annarra eða réttindum, enda verði ekki allir rétt-hafar sáttir á framkvæmd verksins (d liður).

Enda þótt vafasamt kunni að vera, hvort hlutverk stíflunnar hafi verið vatnsmiðlun, eins og það orð er skýrt á vatnalögum („geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns“), var þó, hvað sem því leið, rétt að beita um umrætt vatnsvirki ákvæðum vatnalaga um miðlunarvirki.

Samkvæmt þessu voru lagaskilyrði fyrir hendi til þess að heimila eignarnám, sem veitti Laxárvirkjun aðstöðu til þess að stífla Miðkvísl, enda var fullnægt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar um almenningsþörf. Leyfi atvinnumálaráðuneytisins til stíflugerðarinnar, útgefið 5. júlí 1960, var slík eignarnámsheimild, veitt með vísan til VI. kafla vatnalaga.

Áður en ráðuneytið veitti leyfið, bar því samkvæmt c lið 144. gr. vatnalaga að leita álits þeirra manna, er ákvörðunin kunni að varða hag þeirra. Gátu þeir verið mjög margir, enda kom frá upphafi til greina, að mannvirki þetta gæti haft áhrif á fiskigengd. Hefði því verið rétt að birta auglýsingu í Lögbirtingablaði samkvæmt reglum 144. gr. Ráðuneytið gerði það ekki, né heldur virðist það hafa borið málefni þetta undir neinn þeirra landeigenda, er hagsmuna áttu að gæta. Að vísu sást af umsögn

raforkumálastjóra, að landeigendur höfðu ekki samþykkt framkvæmdina, en í umsókn Laxárvirkjunar um leyfið er ekki minnt á afstöðu landeigenda til verksins. Landeigendur áttu þess þannig ekki kost að gæta réttar síns gagnvart ráðuneytinu, áður en það veitti leyfið, og skýra röksemdir sínar gegn stíflugerðinni eða kröfur í því sambandi, en hugsanlegt er, að þær hefðu haft áhrif á afstöðu ráðuneytisins til umsóknarinnar. Vegna þessara miklu ágalla á undirbúningi eignarnámsákvörðunarinnar, þ. e. leyfisins til stíflugerðarinnar, hefðu eigendur hagsmuna þeirra, sem eignarnámið varðaði, væntanlega getað fengið lögbann lagt við framkvæmdum við stífluna. Ekki aðhöfðust þeir neitt í þá átt, og hefur komið fram (í framburði Eysteins Sigurðssonar), að menn hafi talið hyggilegra að láta reisa mannvirkið ólöglega en reyna að hindra framkvæmd þess, þar sem það mundi hafa leitt til öflunar gildrar eignarnámsheimildar. Þeir virðast heldur ekki síðar nokkru sinni hafa farið fram á það við Laxárvirkjun, að stíflan yrði numin brott.

Skilyrði fyrir leyfinu til stíflugerðarinnar var það, að ráðstafanir yrðu gerðar til tryggingar eðlilegri fiskigengd. Sterkar líkur hafa verið færðar að því, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru, hafi reynzt ónógar. Fullnægjandi rannsóknir hafa þó ekki farið fram um þetta atriði, og er ekki hægt um vik að gera þær nú, eftir að stíflunni hefur verið rutt úr vegi. Ekki sést, að landeigendur hafi nokkurn tíma gert kröfu til þess í dómsmáli eða á annan hátt, að stíflunni yrði breytt af þessum sökum, svo sem á þann veg, að yfirfall yrði gert á henni eða lokur settar í hana, til þess að vatnsmagn yrði aukið í kvíslinni neðan stíflunnar.

Verjandi ákærðu hefur haldið því fram, að leyfi ráðuneytisins hafi verið ógilt, m. a. af því, að eigi hafi verið gætt ákvæða 2. gr. laga nr. 48/1956 um náttúruvernd, en þar er svo fyrir mælt, að leitað skuli álits náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast við mannvirkjagerð eða jarðrask, sem valdi hættu á því, að „sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminum sé spillt“. Ekki verður talið, að það hafi áhrif á gildi þeirrar stjórnvaldsákvörðunar, sem hér er til umræðu, þótt eigi væri leitað álits náttúruverndarráðs, þar sem þau skilyrði, sem í greininni eru talin, voru naumast fyrir hendi í umræddu tilviki.

Þrátt fyrir áðurnefnda ágalla á undirbúningi leyfis til stíflugerðarinnar og hugsanlega einnig á framkvæmd hennar, sem hefðu getað verið grundvöllur að lögsókn af hálfu þeirra, sem

hlut áttu að máli, höfðu þeir eigi heimild til þess að rjúfa stífluna með valdi. Telja verður sannað, að ákærðu hafi allir átt þátt í niðurbroti stíflunnar. Þegar litið er til verðmætis mannvirkisins, þykja ákærðu hafa bakað sér refsíábyrgð samkvæmt 2. ml. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Verknaður ákærðu er í ákæru einnig talinn varða við 165. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þá til greina, hvort skilja beri ákvæði þetta þannig, að það leggi aukna refsingu við eignaspellum, sem unnin séu með sérstaklega hættulegu móti. Ef svo væri, mundi 165. gr. tæma sök að þessu leyti, þannig að 257. gr. yrði ekki beitt jafnframt henni. Dómurinn telur hins vegar, að 165. gr. eigi að skilja þannig, að þar sé lögð refsing við athæfi, þar sem óákveðnum hagsmunum margra og venjulega einnig ótiltekinnna manna er stofnað í hættu, sbr. fyrirsögn XVIII. kafla laganna og greinargerð fyrir frumvarpi að lögnum. Með sprengingunum við Miðkvíslarstíflu voru spell unnin á stíflunni, eins og til var ætlazt, en ekki verður séð, að önnur hætta hafi stafað af þeim, nema þá hugsanlega fyrir ákærðu sjálf og fylgdarlið þeirra. Samkvæmt þessu þykir 165. gr. ekki verða beitt um atferli ákærðu.

Sönnur hafa ekki verið færðar á það, að verulegar truflanir hafi orðið á rekstri Laxárvirkjunar, er raktar verði til niðurbrots stíflunnar. Verður ákærðu því ekki dæmd refsing samkvæmt 176. gr. almennra hegningarlaga.

Af þeim ástæðum, sem raktar voru af framan, höfðu ákærðu nokkra ástæðu til þess að ætla, að það varðaði þá ekki refsíábyrgð, þótt þeir næmu brott stífluna í Miðkvísl. Með hliðsjón af 3. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga og að öðru leyti með skírskotun til allra málsatvika, eins og þeim hefur verið lýst, þykir rétt, að refsing á hendur ákærðu verði látin niður falla.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara, mál þetta í fyrstu, en Jónatan Sveinsson fulltrúi tók síðan við málinu vegna utanfarar Hallvarðs og annaðist lokaflutning málsins. Verjandi allra hinna ákærðu var Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður. Við rannsókn málsins var hann einnig skipaður réttargæzlumaður allra hinna ákærðu nema níu (Árna Gíslasonar, Bóasar Gunnarssonar, Friðriks Gylfa Traustasonar, Guðmundar Jónssonar, Ingólfs Jónassonar, Jónasar Sigurgeirssonar, Sigurgeirs Jónassonar, Þorgríms Starra Björgvinssonar og Þórhalls Bragasonar) svo og 19 annarra, sem eigi hafa verið

saksótt. Fyrir réttargæzluna úrskurðaði rannsóknardómarinn honum þóknun, kr. 40.000.00.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961 ber að dæma öll hin ákærðu in solidum til greiðslu sakarkostnaðar í málinu, og teljast til hans saksóknarlaun, kr. 80.000.00, er renni til ríkissjóðs, og málsvarnarlaun og réttargæzlubóknun skipaðs verjanda ákærðu, sem rétt þykir að nemi samtals kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Arinbirni Hjálmarssyni, Arngrími Geirssyni, Arnljóti Sigurðssyni, Arnþóri Hauki Aðalgeirssyni, Árna Gíslasyni, Árna Arngarði Halldórssyni, Áskeli Jónassyni, Ásmundi Kristjáni Jónssyni, Baldvin Kristni Baldvinssyni, Bóasi Gunnarssyni, Brynjólfi Steingrímssyni, Böðvari Jónssyni, Dagbjarti Sigurðssyni, Einari Gunnari Þórhallssyni, Eysteini Arnari Sigurðssyni, Finnu Kristjánsdóttur, Friðgeiri Jónssyni, Friðriki Gylfa Traustasyni, Guðmundi Jónssyni, Halldóri Árnasyni, Hauki Hreggviðssyni, Héðni Sverrissyni, Hildi Hermóðsdóttur, Hreiðari Arnórssyni, Ingólfi Ísfeld Jónassyni, Ingveldi Ólafíu Björnsdóttur, Jóhönnu Álfheiði Steingrímisdóttur, Jóni Aðalsteinssyni, Jóni Benediktssyni, Jóni Kristjánssyni, Jóni Péturssyni, Jóni Árna Sigfússyni, Jóni Sigtryggssyni, Jóni Stefánssyni, Jónasi Sigurgeirssyni, Katli Þórisssyni, Guðfinnu Kristínu Sigfúsdóttur, Kristjáni Elfari Yngvasyni, Matthíasi Kristjánssyni, Óla Kristjánssyni, Páli Dagbjartssyni, Pétri Gauta Péturssyni, Pétri Steingrímssyni, Sigríði Ragnhildi Hermóðsdóttur, Sigurði Jónssyni, Sigurði Karlssyni, Sigurði Trausta Kristjánssyni, Sigurgeiri Jónassyni, Sigurgeiri Péturssyni, Stefáni Axelssyni, Stefáni Vigni Skaftasyni, Stefáni Þórarni Þórarinssyni, Stefaníu Þórgrímsdóttur, Steingrími Kristjánssyni, Svanhildi Björk Jónasdóttur, Sveini Helgasyni, Völundi Þorsteini Hermóðssyni, Yngva Kristjánssyni, Þórgrími Starra Björgvinssyni, Þóru Sigurðardóttur, Þórhalli Bragasyni, Þóroddi Friðriki Þóroddssyni, Ævari Kjartanssyni, Örlygi Arnljótssyni og Erni Arnari Haukssyni, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, og réttargæzlubóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sig-

urðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 100.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 165/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn lögum nr. 77/1970. Ákæra. Lögjöfnun. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ekki verður mark tekið á hinum breytta framburði ákærða fyrir sakadómi 21. maí 1971 um, að efni það, sem mál þetta er af risið, hafi að hans skoðun ekki verið LSD og hann hafi sjálfur ekki haft efni þetta meðferðis hingað til lands.

Prófessor Þorkell Jóhannesson telur í álitserð sinni frá 13. janúar 1971, að ekki sé unnt „að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergið hefur verið í sýninu eða ekki, en rannsóknirnar eru þó í fullu samræmi við þá ályktun, að svo hafi verið“. Þá ber hann fyrir sakadómi 26. maí 1971, „að mjög sterkar líkur leiði til þeirrar niðurstöðu, að um LSD hafi verið að ræða, þó að ekki hafi verið unnt að skera úr því með fullkominni vissu“.